




BÓNDAVARÐAN

5. MAÍ 2022. 21. ÁRGANGUR

MÚLAPING



LJÓSMYND: ELVA SIGURÐARDÓTTIR

ÁVARP SVEITARSTJÓRA



Nú liður senn að lokum fyrsta kjörtímabils sveitarfélagsins Múlapings en gengið verður til kosninga 14. maí nk. og nýtt kjörtímabil hefst formlega um hálfum mánuði síðar.

Hér í okkar ágæta sveitarfélagi var umrætt kjörtímabil styttra en almennt gerist, eða rétt rúmlega eitt og hálft ár, sem helgast af því að sveitarfélagið varð ekki formlega til fyrr en í byrjun október 2020. Markmiðið var að nýta þennan tíma til að virkja þau markmið er sett höfðu verið í aðdraganda sameiningar sveitarfélaganna fjögurra, s.s. að einfalda og auka skilvirkni stjórnsýslunnar m.a. með áherslu á stafrænar lausnir, tryggja áhrif nærsamfélagsins á mál er þau snertir með virkni heimastjórna og íbúasamráðs, vinna að samgöngubótum innan sveitarfélagsins o.fl.

Ýmislegt hefur hins vegar valdið því að við höfum ekki náð eins langt í þessu ferli og við hefðum kosið. Ber þar fyrst að nefna alheimsfaraldurinn sem meðal annars varð til þess, sökum samkomutakmarkana, að það er fyrst núna á síðustu mánuðum sem hægt hefur verið að halda íbúafundi varðandi mál sem eru í farvatninu á hverju svæði fyrir sig. Það jákvæða við faraldurinn var hins vegar það að hugmyndir varðandi stafrænar lausnir, s.s. fundi fagráða um fjarfundarbúnað, sýndu sig vera raunhæfar, en um það voru ákveðnar efasemdir í upphafi.

Einnig ollu náttúrhamfarirnar á Seyðisfirði því að bæði innan stjórnsýslunnar almennt sem og varðandi áherslur í umhverfis- og framkvæmdamálum innan sveitarfélagsins þurftu að setja lausnir mála er þessu tengdust í forgang og var því öðrum verkefnum ýtt tímabundið til hliðar. Ég þykist vita að íbúar sveitarfélagsins hafa á þessu fullan skilning enda hefur stuðningur íbúa annarra svæða við íbúa á Seyðisfirði verið eftirtektar- og aðdáunarverður.

Það er þó ekki svo að ekki hafi verið unnið að því að ná fram þeim markmiðum er sett voru í upphafi. Hvað samgöngumál varðar þá er framundan að ljúka hönnun Fjarðaheiðargangna þannig að hægt verði að bjóða þá framkvæmd út. Framkvæmdir við heilsársveg um Öxi ættu að geta hafist á næsta ári og lokaframkvæmdir við endurbætur Borgarfjarðarveggar eru hafnar. Unnið er að því að koma á verulegum endurbótum fjarskipta í Berufirði þar sem horft er til þess að hægt verði á yfirstandandi ári að koma á öflugum örbylgjusambandi sem verður virkt þar til að hægt verður að ljósleiðaravæða svæðið. Unnið er að skipulagsgerð vegna umtalsverðra framtíðarhafnaframkvæmda á Seyðisfirði og á Djúpavogi jafnframt sem í gangi eru framkvæmdir við hafnir á Borgarfirði og Djúpavogi sem munu bæta þjónustuna í umræddum höfnum. Einnig er unnið að greiningu á vænlegum kostum varðandi hita-, vatns-, og fráveitumál á Seyðisfirði og Djúpavogi sem mun leiða til bóta á komandi árum.

Það sem hér er upp talið er ekki tæmandi listi yfir þau verkefni sem eru í skoðun og vinnslu hjá starfsfólki sveitarfélagsins og kjörnum fulltrúum. Verkefnin eru næg og veit ég að ég tala fyrir hönd bæði kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins þegar að ég segi að það er alvöru metnaður fyrir því að efla samfélagið okkar með styrkingu innviða þess og þeim markmiðum munum við ná.

Múlaping til framtíðar

Sveitarstjóri.

**Tryggvabúð/dagdvöl aldraðra verður lokuð
frá 27. júní til 5. ágúst 2022 vegna sumarleyfa.**

Félag eldri borgara gæti þó verið með starfsemi í húsinu á eigin vegum.

Tryggvabúð



LEIÐARI

Smærri og hægari samfélög veita eftirsótt lífsgæði

Í bókunum *The Third Pillar* eftir Raghuram Rajan og *The Once and Future Worker* eftir Oren Cass er farið yfir hagfræðilega heimssýn og færð rök fyrir að heilbrigði sveitarfélaga skipti máli. Grunnþættir velmegunar samfélaga er stöðugt fjölskyldulíf, góð störf, öflugir skólar, fjöldi örugga almenningsrýma og meðvitund og stolt af eigin menningararfi og sögu. Hvorki ríkisvald né heimsmarkaðir geta með fullnægjandi hætti séð fyrir þessum grunnþáttum.

Nútíma hnattvæðing, þar sem fjarlægðir virðast skipta minna og minna máli, er sýnileg hraðavæðing og jafnvel áþreifanleg í hverjum kima lífsins.

Félagslegur styrkur í minni samfélögum

Í þessu árferði eru smáar borgir og bæir (undir 50 þúsund íbúa) enn mikilvægari. Smábæir verða meira aðlaðandi fyrir ferðafólk sem leita að skjóli undan hraða heimsins. Í stórum Evrópulöndum eru það einmitt þessir smábæir sem eru stöðir íbúafjöldans. Árið 2016 voru 1882 af 2059 borgum Þýskalands með færri en 50.000 íbúa en aðeins 40% íbúa landsins búa í stærri borgum. Að sama skapi búa aðeins 37% íbúa Póllands í stórborgum. Þrátt fyrir þetta, auk fjarlægða frá stórborgunum, verða smærri byggðarlögin oftast undir, til dæmis þegar kemur að því að laða að ferðafólk.

Þrátt fyrir smæð og takmarkanir minni borga eða bæja, er það einmitt smæðin; hinn mannlegi mælikvarði þróunar, sérstaða, ósnortin náttúra, kyrrð, verndun forn- og menningarminja ásamt þögn, ró og friði sem eru sjaldgæf „söluvara“ og verðmæti í samtímanum og gefur þeim einstakt gildi. Þar að auki hafa íbúar smábæja dýrmætt félagslegt vægi sem er nærri ómögulegt að öðlast í stærri þéttbýliskjörnum. Þar er sterk samkennd og rík tilfinning fyrir að tilheyra hópi. Þetta bendir til sterkra félagslegra tengsla og hæfni til samstarfs og samvinnu. Þátttaka og virkni í samfélaginu er lífð og loforð bæjarins. Þetta viðhorf hefur samverkandi áhrif sem styður tengsl íbúa innbyrðis. Þetta má sjá í fjölbreyttu grasrótarstarfi og félagasamtökum sem bæta lífsgæði í minni samfélögum. Þetta styður staðhæfingu Jane Jacobs um að borgir geti veitt öllum eitthvað, einungis vegna þess og þegar þær eru skapaðar af íbúunum sjálfum.

Er betra að flýta sér hægt?

Mörg nútímasamfélög einkennast af hraða og spennu sem margir líta á sem jákvæðan hlut og drifkraft til framfara. Hins vegar geta hraði og spenna snúist í andhverfu sína. Það gleymist að staldra við og ígrunda hvert sé stefnt og hvort stefnan sé til góðs.

Meðvitund vex um áhrif hraða og neyslu á líf og heilsu fólks. Mörg færa sig að hægari lífsmáta, sjálfbærari lífsháttum og draga úr skaðlegum áhrifum á umhverfið í leik og starfi. Cittaslow-hæglætishreyfingin, sem Djúpvogur tilheyrir, er viðleitni til að stuðla að þessu.

Hugmyndir sem liggja að baki Cittaslow-bæjum felast í að bæta lífsgæði íbúa með því að finna jafnvægi milli þess hraða og hins hæga. Við verðum að gera ráð fyrir því að hraði, spenna og áreiti séu hluti af nútímalífsháttum. Því er mikilvægt að nýta það góða sem í því felst. Því er enn mikilvægara að fólk átti sig á að staldra við og njóta og koma auga á lífsgæðin sem felast í hæglætinu. Flýta sér frekar hægt.

Viðsýrni lítilla samfélaga við hnatt- og hraðavæðingu nútímans er því að styrkja og hlúa að innviðum þess. Leggja ríka og sérstaka áherslu á það einstaka í hverju samfélagi. Þegar við erum sátt í eigin „skinni“, með sérstöðu okkar og vitund, fylgir ánægja íbúa samfélagsins sjálfkrafa. Þetta getur stuðlað að sjálfbærara samfélagi og eftirsóknarverðari stað til að búa á og heimsækja.

Verður hægt að njóta þess besta úr báðum heimum? Á tímum heimsfaraldurs hefur margt breyst. Störf án staðsetningar hafa mögulega staðfest tilverurétt sinn fyrir fullt og allt. Fólk getur ennfremur „valið“ að búa í litlu samfélagi og haldið starfi sínu í stórborginni. Hver veit nema dreifing búsetu á Íslandi verði allt önnur í ljósi nýs raunveruleika?

Greta Mjöll Samúelsdóttir, ritstjóri Bóndavörðunnar



STARFSNÁM ÞÓRDÍÐSAR Í KRIKASKÓLA

Þann 15 febrúar sl. útskrifaðist Þórdís Sigurðardóttir með próf í kennslu á grunnskólastigi með áherslu á mál og læsi og lauk þar með meistaranámi í kennslu. Bóndavarðan plataði hana í að segja lesendum frá sinni reynslu og lærdómi síðustu misseri.

Krikaskóli- Mosfellsbæ



Ég hóf nám við Háskólann á Akureyri haustið 2019 og í vetur lauk ég 25 vikna vettvangsnámi og æfingakennslu í Krikaskóla sem er í Mosfellsbæ. Þann 15 febrúar sl. útskrifaðist ég með próf í kennslu á grunnskólastigi með áherslu á mál og læsi og þar með sem magister educationis MT eða meistaranámi í kennslu. Ég hef því lokið réttindum sem kennari á grunnskólastigi auk þess að vera með réttindi sem leikskólakennari.



Verkefni úr kennslustund hjá mér þar sem þau unnu upp úr þemavinnu um Eldfæri

Ég heyrði fyrst um Krikaskóla í hlaðvarpi sem heitir Límónutréd. Þar var hún Þrúður Pálsdóttir skólastjóri Krikaskóla að lýsa skólanum sem er samrekin leik- og grunnskóli með nemendum frá 2 ára til 9 ára eða upp í 4. bekk. Hún sagði meðal annars frá hugmyndafræði skólans en hönnun skólans, starfið og umhverfi tekur mið af þeirri hugmyndafræði. Í Krikaskóla eru um 100 nemendur á leikskólastiginu og um 100 nemendur á grunnskólastiginu. Þá eru um 55 starfsmenn í öllum skólanum. Það sem er sérstakt við Krikaskóla er 200 daga skólaár, í stað 180 daga eins og venja er, en skóladagurinn er styttri hjá nemendum vegna þessa. Út af Covid-takmörkunum fékk ég lítið að fara inn í leikskólahlutann en gat aðeins fylgst með úr fjarlægð þegar ég gekk fram hjá elstu deildunum á leið minni í grunnskólahlutann. Frístund er fyrir nemendur grunnskólans í skólahúsnæðinu, bæði áður en skóladagurinn hefst og eftir að honum líkur. Í frístundinni eru nemendur oft að vinna áfram með verkefni sem þau unnu í skólanum.

Ég varð strax mjög hrifin enda hef ég haft mikinn metnað til samfellu leik- og grunnskóla þannig að bilið milli þessara skólastiga verði sem nær ósýnilegt. Stefnan að nemendur finni til öryggis þegar þau byrja í grunnskólanum og að fara úr leikskóla í grunnskóla verði jákvæð upplifun og alls ekki mikil breyting fyrir þau. Þegar kom að því að sækja um skóla fyrir vettvangs/æfingakennslu mína varð Krikaskóli því fyrir valinu. Ég byrjaði í vettvangsnámi þann 16. ágúst þar sem ég fékk að fylgjast með kennslu, kynnast nemendum og skólanum. Í vettvangsnáminu sat ég starfsmannafundi, kennarafundi, fór í kennslustundir hjá fyrsta, öðrum og þriðja bekk. Eftir það tók við Æfingakennsla I þar sem ég kenndi nemendum í öðrum bekk bæði út frá kennsluáætlunum sem ég útbjó sjálf en var líka í teymiskennslu með öðrum og þriðja bekk en samkennsla er í þessum bekkjum, auk þess fylgdi ég leiðsögu kennaranum eftir á fundum og öðru sem er partur af skólastarfinu. Ég fékk mjög góðar móttökur frá upphafi af öllu starfsfólki Krikaskóla og ég hafði frábæra leiðsögu kennara, umsjónarkennara annars bekkjar og verkefnastjóri grunnskólans, en teymið fyrir annan og þriðja bekk samanstóð af þremur kennurum og þroskaþjálfra sem tóku mér opnum örmum. Þannig var ég partur af teyminu, fylgdist með og tók þátt í undirbúningi teymisins og kennslustundunum.

Æfingakennslu II tók ég eftir áramótin en þá var aðeins breyting á kennslu vegna fjöldatakmarkana en teymið hélt áfram að vinna saman þó nemendurnir mættu ekki vera í samkennslu. Ég hélt áfram að vera með kennslustundir auk þess sem ég tók þátt í kennslu með teyminu. Það sem kom mér mest á óvart í æfingakennslunni var hversu líkt starfið er því sem ég þekki úr leikskólanum. Skipulag dagsins (stundaskráin þeirra), námið og allt utanumhald var eins uppsett og í leikskólanum hér heima. Nemendurnir lærðu í gegnum leik og stóðu sig frábærlega vel. Kennararnir sáu um kennsluna í samvinnu (teymi) og var samþætting námsgreina mikil. Starfsandinn var mjög góður í Krikaskóla og rann allt mjög ljúft þrátt fyrir mikið álag vegna Covid.

Ég fékk að fara í fyrsta bekkinn þegar þau voru að byrja um haustið og fylgdist með þeim reglulega allt tímabilið sem ég var þarna. Það var mjög ánægjulegt að sjá hvernig þau voru að upplifa sinn fyrsta vetur í grunnskóla og hvað þau fundu lítið fyrir því að þau væru komin á næsta skólástig, þau voru bara í Krikaskóla. Í æfingakennslunni hjá mér voru 29 nemendur í öðrum bekk og voru tveir umsjónarkennarar með hópinn auk stuðnings/skólaliða. Þessi hópur var virkilega skemmtilegur og gaman að kynnast þeim og fá svona góða innsýn og reynslu af kennslu aðeins eldri nemenda en ég er venjulega með í leikskólanum. Nemendur í þriðja bekk eru 25 talsins og þegar það var samkennsla voru nemendurnir 54 og allir að vinna að sömu verkefnum með mismunandi útfærslu eftir getu.

Að fara í Krikaskóla var frábært tækifæri fyrir mig og lærði ég helling. Ég tel mig hafa verið mjög heppna með leiðsögu kennara auk samkennara í teyminu. Nemendurnir voru frábærir og kenndu mér mikið. Ég fékk virkilega góða innsýn í grunnskólastarf og hvernig samrekinn leik-/grunnskóli starfar. Teymiskennsla og samþætting námsgreina var auk þess mjög áhugaverð að fylgjast með og taka þátt í. Það sem var erfiðast við þetta var fjarveran frá fjölskyldunni og vinnustaðnum en samstarfsfólk mitt hefur verið virkilega þolinmótt og jákvætt í minn garð þrátt fyrir mikla fjarveru mína og aukið álag sem það hafði í för með sér. En með stuðningi fjölskyldunnar, samstarfsfólksins í leikskólanum, Djúpvogshrepps og Múlaþings hafðist þetta. Það er von mín að ég komi með ferskan anda inn í skólann og reynsla mín úr náminu og æfingakennslunni nýtist í skólasamfélaginu á Djúpvogi. Takk kærlega fyrir stuðninginn.

Dórdís Sigurðardóttir



Kennslustofa 2. bekkjar



Kennslustofa 2. bekkjar og sést inn í stofu 3. bekkjar



Útisvæði/leiksvæði fyrir leik- og grunnskólann (yngstu nemendurnir eru með leiksvæði upp á pallinum). Þegar rignir rennur vatnið niður vegginn og verður eins og gardína fyrir gatið og safnast þar fyrir neðan þannig að þau geta verið ýmist í skjóli fyrir rigningunni eða farið í sturtu.

Djúpavogsdeildin



Hefur þig alltaf dreynt um að láta ljós þitt skína á fótboltavellinum og gefa vinum þínum hæ-fæv? Þá ættir þú að taka þátt í Djúpavogsdeildinni. Skráning er hafin en deildin fer fram í fjórða sinn í sumar. Leikin verður knattspyrna á Neistavelli og fer leikjafjöldi deildarinnar að sjálfsögðu eftir skráningu liða. Deildin samanstendur af blönduðum liðum og aðstæður eru til fyrirmyndar. Fólki á öllum getustigum knattspyrnunnar er velkomin þátttaka. Sumir leikmenn geta haft bakgrunn í knattspyrnu, forna frægð eða eftirminnileg augnablik í Djúpavogsdeildinni síðustu þrjú sumur, á meðan aðrir búa yfir minni reynslu. Þú getur sett saman þitt eigið lið eða skráð þig sem einstaklingur og deildin setur þig í lið fyrir sumarið.

Leikreglur

Fjöldi leikmanna á vellinum eru 5 leikmenn í hvoru liði hverju sinni (1 markmaður og 4 útileikmenn). Heildarfjöldi liðsmanna (skiptimenn) hvers liðs er ekki takmarkaður við neinn fjölda.

Lengd leikja

Leikirnir eru spilaðir í tveimur hálfleikjum, 20 mínútum hvorum. 5 mínútna hlé er í hálfleik.

Dómgæsla

Hvert lið fær úthlutað leikjum þar sem það sér um dómgæslu. Það er því eitt lið sem ber ábyrgð á dómgæslu í hverjum leik (annað lið en þau tvö sem spila leikinn að sjálfsögðu). Lið geta útvegað dómara sem er fenginn í verkið eða meðlim úr sínu eigin liði.

- ⊗ Venjulegar knattspyrnureglur gilda í leikjunum.
- ⊗ Innáskiptingar eru frjálssar og ótakmarkaðar

Aldurstakmark

Miðað er við að leikmenn séu gjaldgengir eftir grunnskólaaldur eða á 16 aldursári og eldri.

Praktísk atriði

- ⊗ Stærð vallar verður 50 m x 30 m.

- ⊗ Djúpavogsdeildarmörkin verða að sjálfsögðu notuð, sersmíðuð og hönnuð fyrir deildina af Kalla Jóns.
- ⊗ Leikmenn geta aðeins spilað fyrir það lið sem þeir eru skráðir í hverju sinni. En félagsskiptaglugginn opnast á miðju tímabili Djúpavogsdeildarinnar og verður þá hægt að kaupa leikmenn dýrum dómi með þeirra samþykki.
- ⊗ Í hverjum leik skal vera sjúkrakassi á staðnum.

Skráning & skipulag

- ⊗ Skráning í Djúpavogsdeildina er hafin og rennur út 13. maí.
- ⊗ Skráningar skulu berast til djupavogsdeildin@gmail.com. Fram þarf að koma nafn liðs, tengliður/fyrirliði, email og nöfn allra liðsmanna.
- ⊗ Greiðsla skráningargjalds staðfestir skráningu.
- ⊗ Skipulag leikja fer eftir fjölda skráðra liða.
- ⊗ Leikir Djúpavogsdeildarinnar fara fram í júní og júlí og úrslitakeppnin verður í ágúst.
- ⊗ Ef tímasetning leikja hentar liðum illa er það undir því liði komið að leysa úr því með mótherja sínum og finna nýja tímasetningu sem hentar báðum liðum. Tilkynna þarf nýja tímasetningu inn á facebooksíðu Djúpavogsdeildarinnar ef slíkt kemur upp.
- ⊗ Frestun leikja má ekki eiga sér stað síðar en 2 sólarhringum fyrir fyrirhugaðan leiktíma. Ef lið sér ekki fram á að geta spilað leikinn með minna en 2 sólarhringa fyrirvara verður leikurinn gefinn.
- ⊗ Leikskipulag verður tilkynnt á facebook síðu deildarinnar 18. maí.
- ⊗ Þátttökugjald hvers liðs er 5000kr. Gjöldin eru nýtt í verðlaunagripi og annað tilfallandi tengt mótinu. Einnig er stefnt á lokahóf í lok sumars.

Punktur frá mótstjórn Djúpavogsdeildarinnar:

- ⊗ Gott er að hafa ógætan fjölda í hverju liði þar sem ekki allir komast í hvern leik.
- ⊗ Einungis þeir leikmenn sem eru skráðir í liðið mega spila leikina. Nafn leikmanns þarf að vera skráð til að hann fái að spila.
- ⊗ Því er tilvalið að hafa leikmannalista með öllum þeim sem gætu spilað með liðinu yfir tímabilið.
- ⊗ Gaman er að finna sér lið eftir hverfum, sveitum, fjölskyldum eða vinnustöðum.
- ⊗ Blönduð lið eru mun skemmtilegri og leikmenn af öllum kynjum hvattir til að taka þátt!
- ⊗ Tilvalið er að lið hanni sína eigin búninga. Látið hugmyndaflugið ráða. Lokahóf verður haldið í lok úrslitakeppninnar mátur og skemmtun. Nánari upplýsingar síðar.

Neisti

FRÉTTAMOLAR ÚR KIRKJUSTARFINU

Kæru vinir gleðilegt sumar! Það er mikið gleðiefni að samkomutakmörkunum hefur verið aflétt. Frá áramótum hefur því verið hægt að halda ýmsa viðburði sem hafði verið aflýst eða frestað undanfarin ár.

Helgina 18. - 20. mars sl. var haldið svokallað landshlutamót í Neskaupstað. Þangað mættu um 70 ungmenni í 8. - 10. bekk af öllu Austurlandi. Frá Djúpavogi fóru 19 hressir krakkar og það var mikið stuð. Sundlaugarpartý, fótbolta- og blakmót í íþróttahúsinu með dúndrandi tónlist og ball. Einnig fengu krakkarnir fræðslu um frið og boðskap Krists. Meðfylgjand er mynd tekin í ljósi persónuverndarlaga.

Persónulega voru páskarnir sérstakir í ár. Þetta var í fyrsta sinn sem undirritaður mátti messa með söfnuðinn í kirkjunni á páska. Þrátt fyrir að hafa verið prestur síðan 2019 hafa samkomutakmarkanir ekki heimilað messuhald á páska fyrr en nú. Reyndar messaði ég einnig í Breiðdal og Stöðvarfirði þannig að páskamessurnar urðu þrjár þetta árið. Mætingin á Djúpavogi var frábær og fyrir það er ég afar þakklátur. Sónarnefnd bauð upp á morgunmat eftir messu og úr varð huggulegur páskamorgunn.

Eftir páska bauð kirkjan upp á erindi um sorg og úrvinnslu, bæði hér á Djúpavogi og Reyðarfirði. Fyrirlesturinn var vel sóttur og fjölmargir hafa brugðist við og þakkað fyrir. Kallað hefur verið eftir slíkum viðburðum en eins og margt annað hefur það verið erfitt í faraldrinum. Vonir standa til að hægt verði að halda fleiri slík erindi reglulega.



Það hefur lengi verið stefnt að því að Djúpavogskirkja taki upp útvarpsmessu ásamt öðrum kirkjum á Austurlandi. Það samtal hófst árið 2020. Loksins var það framkvæmanlegt laugardaginn 23. apríl. Það var 20 manna hópur sem hélt af stað frá Djúpavogi snemma dags yfir Öxi á Egilsstaði. Við stilltum strengi fyrir framan Egilsstaðakirkju í rjómalíðu. Eftir snarpa æfingu setti tæknimaður RÚV allt í gang og við sungum messu. Guðlaug Hestnes organisti stjórnaði kórnum, Kristján Ingimarsson lék á gítar ásamt því að syngja eigið lag og Helga Björk söng einnig einsöng. Kórin okkar fékk mikið hrós frá söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar og RÚV. Það er ekki sjálfgefið að lítill staður eins og Djúpvogur eigi svo öflugan kór eða hafi á sínum snærum tvo organista. Líklega gefur þetta ágætis mynd af kraftinum í samfélaginu okkar, að við eigum frábæran kór sem er til í að syngja í útvarp allra landsmanna. Við erum öll stolt og ánægð með að hafa tekið þátt í þessu verkefni. Útvarpsmessan okkar verður á dagskrá sunnudaginn 3. júlí.

Framundan er æskulýðsmót tíu til tólf ára barna við Eiðavatn en það verður haldið helgina 29. apríl - 1.mái. Alls fara 17 börn frá Djúpavogi og spennan er mikil. Fermt verður um hvítasunnuhelgina, eða laugardaginn 4. júní kl. 11. Hvítasunnunumessa verður 5. júní á Berunesi kl. 16, veitingar að lokinni messu. Útimessur verða á sjómannadag og þjóðhátíðardaginn 17. júní. Við sem komum að kirkjustarfinu höldum síðan í ferðalag og messum á Hólum í Hjaltadal sunnudaginn 19. júní.

Guð verið með ykkur öllum,
kveðja, Alfreð.

Jesús sagði: "Ef þú getur! Sá getur allt sem trúir." (Mark 9.23)



HAULANDIT

Haulandit er hluti af Zeolíta-fjölskyldunni. Steindin er nefnd eftir Henry Heuland (1775-1856) sem kom oft til Íslands til að safna steinum til endursölu. Formið er auðþekkjanlegt en finnst í ýmsum stærðum og litbrigðum.



TEIGARHORN

HUGRENNINGAR UM LANDNÁMIÐ

Djúpibotn og Landnámið

Fornleifastofnun Íslands fékk nýverið styrk úr Fornminjasjóði til að skoða aðstæður í Djúpabotni. Þar fundust eitt sinn munir og peningar frá fyrstu árum landnáms á Íslandi. Í tilefni þess ákvað ég að endurnýta eldri hugrenningar mínar og birta hér í Bóndavörðunni. Gaman væri ef að eitthvað bitastætt kæmi upp við þessa athugun. Kannski finnst eitthvað sem er eldra en landnámið, hver veit?

Hversu áreiðanleg er sagan?

Í barnaskóla var mér kennd Íslandssaga, eins og hún hefur verið sögð síðustu áratugina. Einhver karl bjó á Húsavík, annar notaði hrafna til að finna skerir og síðan komu þeir Ingólfur og Hjörleifur og námu land.

Ingólfur skutlaði staurum fyrir borð og leitaði að þeim, eða óviljugir sjálfbodaliðar hans öllu heldur. Þar til að sprekin fundust í vík inni sem síðar var nefnd Reykjavík.

Sennilega er einhver fótur fyrir þessum sögum sem settar voru í letur einhverjum árhundruðum eftir að þær áttu að hafa gerst. Landnáma er talin vera skrifuð á fyrri hluta tólftu aldar. En upprunalega bókin glataðist og voru því sögurnar endurskrifaðar af ýmsum aðilum í gegnum tíðina.

En var landnámið svona einfalt? Kom hér bara slatti af óánægðum Norðmönnum, fann þetta sker og byggði það upp á örskömmum tíma? Samkvæmt þessum sömu heimildum er landið talið fullnumið um árið 930, 60 árum eftir að land var fyrst numið.

Hversu líklegt er að þetta sé rétt? Að hægt sé að finna land, nema það og koma upp starfhæfri stjórnskipan á þessum stutta tíma? Grímur nokkur geitskór finnur Þingvelli 930. Fóstbróðir hans, Úlfljótur, kom með lög frá Noregi og Alþingi verður til. Landinu er síðan skipt upp í stjórnsýslueiningar eða fjórðunga.

Einhvern veginn finnst mér að þetta geti ekki gengið alveg upp með þessum hætti. Það var jú eitthvað lítið um vegi og aðra innviði og ef þú ætlaðir að skrifa bók, þá var eins gott að eiga stórt kúabú.

Hvað ef að hér var fyrir byggð sem einfaldlega var yfirtekin af þessum sömu óánægðu Norðmönnum? Er ekki sagt að sagan sé skrifuð af sigurvegum? Að hér hafi verið fyrir allt sem þurfti, til að byggja upp samfélag með innviðum, sem lýst er í Landnámu og urðu hér til á met tíma samkvæmt sömu bók.

Í bókmenntum fyrri alda eru víða vísbendingar um, að vitað hafi verið af tilvist eyju í norðurhöfum. Til dæmis ritaði heimspekingurinn og ferðalangurinn Pytheas frá Massalíu um Thule í sínum bókmenntum, sem færðar voru í letur á fjórðu öld fyrir Krist. Hann minnst í bókum sínum á eyju langt í norðri, í sex daga siglingu frá Bretalandi. Þar sé nótt sem bjartur dagur yfir sumarsólstöðurnar.

Ef grískur heimspekingur gat ferðast hingað og skrifað um það, er ekki frekar líklegt að hingað hafi líka slægst fólk í öðrum erindagjörðum á sama tíma?

Fleiri en Pytheas minntust á Thule í ritum sínum. Strabo hét annar grískur spekingur. Hann skráði frásagnir af eyju einni langt í norðri. Hann minnst á útreikninga annars gríks fræðimanns, Eratosthenes, og telur að miðað við útreikninga hans á staðsetningu þessarar eyjar (byggða á frásögnum Pytheasar) sé hún á mörkum hins byggilega heims langt í norðri við frosið haf.

Rómverskur sagnfræðingur að nafni Tacitus lýsir því í bók sinni Agricola að það hafi verið vel vitað að Bretland væri eyja. Hann segir frá rómverskum skipum sem sigldu umhverfis Bretland og uppgötvuðu Orkneyjar. Skipverjar hafi jafnvel náð að berja eyjuna Thule augum, en hafi ekki farið í land því að þeir höfðu fyrirskipanir um að þessi lönd ætti ekki að kanna.

Það eru því fjölmargar frásagnir sem minnst á slíka eyju í norðri. Þó er ekki endilega víst að um Ísland sé að ræða. Í einhverjum tilvikum gæti þetta verið Noregur eða Færeyjar. En það er hins vegar ekki víst heldur, því að þessar frásagnir eru allar frekar óljósar.

Rómverjatengingin er mér sérstaklega hugleikin, þar sem á mínum heimaslóðum hafa fundist rómverskir peningar sem rekja má aftur til ársins 300 eftir Krist. Tveir peningar fundust við Bragðavelli þar sem ég er uppalinn. Þriðji bronspeningurinn frá sama tímabili fannst við Hvaldal í Lóni ekki langt frá Hamarsfirði. Miklar vangaveltur eru um tilurð þessara peninga. Jafnvel má ímynda sér að hér hafi Rómverjar haft vetursetu, eða komið hér við í könnunarleiðöngum um norðurhöf. Aðrir telja að þessir peningar séu einfaldlega til komnir úr sjóðum víkinga. Þekkt er að mynt slegin á hinum ýmsu tímum hafi verið notuð áfram vegna verðgildis þeirra málma sem í henni eru.

Það sem mælir þó helst gegn þeirri kenningu er, að slíkar myntir hafa ekki fundist í víkingasjóðum sem grafnir hafa verið upp á Norðurlöndum, eða annarsstaðar þar sem bæi víkinga hefur verið að finna.

Einnig hafa fundist hér 2 silfurpeningar frá tímum Rómverja. En líklegra þykir þó, að þeir peningar hafi verið hluti af sjóðum verslunarmanna í gegnum aldirnar, mun frekar en koparpeningarnir 4 sem fundist hafa. Fjórði koparpeningurinn af sama tagi fannst í Hvítárholti í Hreppum eftir miðja síðustu öld.

Var hér kannski blómleg byggð þegar Ingólfur og aðrir norrænir menn komu hér fyrst? Yfirtóku þeir land sem þegar var numið? Var Landnámabók skrifuð af afkomendum þeirra, til að færa í stíl hina raunverulegu yfirtöku norrænna manna á byggð í eygni við heimskaupsbauginn?

Bent hefur verið á að genamengi kvenna og karla á Íslandi megi rekja hvort í sína áttina. Meirihluti kvenna eigi ættir sínar að rekja til Bretlandseyja, en karlar til Norðurlanda. Það hefur verið tengt ránsferðum og strandhöggi íslenskra víkinga. Til eru sagnir um slíkt. En gæti ekki verið að landtökumenn af norrænu bergi brotnir hafi tekið hér fullnumið land með valdi, felld karlmenn og haldið konum þeirra og bústofni sem herfangi í hinu nýja landi?

Kannski er slík landnámssaga ekki sveipuð jafn mikilli rómantík og sú sem kennd hefur verið í gegnum árin. Kannskieru þetta líka bara getgátur, byggðar á engu nema hugmyndaflugi þess sem þetta skrifar. En engu að síður var þetta vel mögulegt á þeim tímum sem land á að hafa verið numið hér.

Eitt er víst að við þessum vangaveltum höfum við ekki nein gild svör. En þær eru engu að síður stórskemmtilegar.

Eða það finnst mér í það minnsta.

Góðar stundir.

Eiður Ragnarsson

STÓRA UPPLÉSTRARKEPPNIN



Fabian kynnir



Rökkvi fagnar



Keppendur komnir heim

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninar fór fram í Hafnarkirkju þann 16. mars. Það keppa nemendur í 7. bekk í upplestri og í ár voru níu nemendur frá Grunnskóla Hornafjarðar og sex frá Djúpavogsskóla sem komust í úrslit. Nemendur lásu texta úr bókinni Strokubörn eftir Sigrúnu Eldjárn, ljóð eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson og ljóð að eigin vali.

Kynnir keppninnar var sigurvegarinn frá því í fyrra, Fabian Szczepanek, nemandi í Djúpavogsskóla.

Það var galvaskur hópur sem keyrði á Höfn þennan dag, það var frekar leiðinlegt veður, hálft þorpið og skólasamfélagið heima með Covid, en þó góð en sérstök stemming. Það var farið á tveimur rútum, keppnisliðið og kynnirinn fóru saman í rútu ásamt Obbu og Heiðu en Bella fór með klappliðið í hinni rútunni. Nokkrir foreldrar fylgdu hópnum á einkabílum.

Allur hópurinn stóð sig frábærlega, keppendur og stuðningslið. Þegar kom að því að veita verðlaun var mikil spenna í loftinu.

Í þriðja sæti var Áskell Ingólfsson frá Grunnskóla Hornafjarðar.

Í öðru sæti var Anna Margrét Alfreðsdóttir frá Djúpavogsskóla og þakið ætlaði að rifna af húsinu þegar ljóst var að í fyrsta sæti var Rökkvi Pálmason frá Djúpavogsskóla.

Það var stoltur skólastjóri sem sat á fremsta bekk og fylgdist með þessum flottu krökkum. Auk þeirra Önnu og Rökkva þá kepptu þau Stefán Valur, Freydis Rán, Óðinn Mikael og Andrea Hanna.

Einstaklega vel gert hjá ykkur öllum.

Obba, skólastjóri Djúpavogsskóla

SKIPAKOMUR DJÚPIVOGUR 2022

Dagsetning	Koma	Brottför	Skip	Stærð (GRT)	Lega	Farþegafjöldi	Áhöfn
5/28/22	8:00	19:00	Silver Moon	40,700	Akkeri	600	408
3/6/22-4/6/22	13:00	14:00	SH Minerva	10,617	Akkeri		
6/3/22	6:00	16:00	Ocean Diamond	8282	Bryggja	147	92
6/4/22	7:00	17:00	Le Bellott	9,900	Akkeri	180	110
6/4/22	7:00	19:00	Hanseatic Inspiration	10,229	Akkeri	230	169
6/5/22	7:00	18:00	Silver Moon	40,700	Akkeri	600	400
6/12/22	6:00	16:00	Ocean Diamond	8282	Bryggja	147	92
6/19/22	7:00	19:00	Hanseatic Spirit	10,229	Akkeri	230	169
6/19/22	7:00	19:00	Hanseatic Inspiration	15,540	Akkeri	210	170
6/21/22	6:00	16:00	Ocean Diamond	8282	Bryggja	147	92
6/23/22	10:30	16:00	Hanseatic Spirit	10,229	Akkeri	230	169
6/29/22	8:00	21:00	Silver Wisper	28,258	Akkeri	382	295
6/30/22	6:00	16:00	Ocean Diamond	8282	Bryggja	147	92
7/1/22	12:00	18:00	Nieuw Statendam	99902	Akkeri	3500	1050
7/7/22	7:00	20:00	NG Explorer	6471	Bryggja	150	70
7/9/22	6:00	16:00	Ocean Diamond	8282	Bryggja	147	92
7/11/22	7:00	18:00	Silver Wisper	28258	Akkeri	382	295
7/18/22	6:00	18:00	Ocean Diamond	8282	Bryggja	147	92
7/20/22	6:00	19:00	NG Explorer	6471	Bryggja	150	70
7/20/22	10:00	19:00	Zaandam	61,396	Akkeri	1430	615
7/23/22	6:00	17:15	Le Bellot	9,900	Akkeri	180	110
7/27/22	6:00	16:00	Ocean Diamond	8282	Bryggja	147	92
7/29/22	7:00	19:00	NG Explorer	6471	Bryggja	150	70
7/30/22	6:00	17:15	Le Bellot	9,900	Akkeri	180	110
8/1/22	8:00	17:00	World Explorer	9300	Akkeri	196	130
8/5/23	6:00	16:00	Ocean Diamond	8282	Bryggja	147	92
8/6/22	6:00	20:00	The World	43188	Akkeri	190	280
8/10/22	6:00	16:00	Seaventure	6752	Bryggja	160	100
8/15/22	7:00	15:00	Nieuw Statendam	99902	Akkeri	3500	1050
8/17/22	7:00	13:00	Silver Cloud	16800	Akkeri	296	222
8/22/22	7:00	18:00	Silver Wisper	28258	Akkeri	382	295
8/29/22	7:00	19:00	Hanseatic Spirit	10,229	Akkeri	230	169
8/30/22	7:00	18:00	Silver Wisper	28,258	Akkeri	382	295

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA Í FYRIRTÆKINU?

Búlandstindur

Veturinn er búinn að vera góður í Búlandstindi, nóg að gera og vertíðarstemning í húsinu. Laxaslátrun hófst af fullum krafti í lok október og kláraðist í byrjun apríl. Samtals slátruðum við 9.400 tonnum af laxi á tímabilinu. Nánast allur laxinn fer frá okkur ferskur á markaði í Evrópu og Bandaríkjunum. Samhliða þessu höfum við svo verið að verka 751 tonn af þorski að mestu í salt fyrir spánarmarkað.

Það er alltaf nóg af verkefnum við að þróa og hanna vinnsluna svo hún henti aðstæðum og þörfum hverju sinni. Núna er unnið að undirbúningi fyrir næstu laxasláturvertíð sem gert er ráð fyrir að hefjist í september. Auka þarf afkastagetuna, færa til og bæta við tækjum og yfirfara vinnuferla. Nú er einnig verið að stefna að frekari vinnslu á laxi og unnið að því að gera pláss fyrir laxaflökunarlínu í húsinu. Þess vegna er núna verið að slétta gólf og gera Salthúsið að hentugra húsnæði fyrir saltfiskvinnsluna sem mun að einhverju leyti færast þangað inn.

Síðastliðið haust keypti Búlandstindur Bræðsluna af Múlaþingi og þar er nú verið að vinna meltu úr laxaslógi. Markmiðið með kaupnum er að geta, þegar fram líða stundir, gert enn meiri verðmæti úr hliðarafurðum vinnslunnar.

Starfsfólk Búlandstinds þakkar fyrir góðan vetur og sendir íbúum Múlaþings óskir um gleðilegt sumar



VINNUSTOFA AECO Í LÖNGUBÚÐ

Hafnir Múlaþings í samstarfi við skipasamtökin AECO stóðu fyrir vinnustofu í Löngubúð í byrjun marsmánaðar. Þar var íbúum og fyrirtækjaeigendum boðið að koma saman og móta leiðbeiningar eða leiðarvísi fyrir ferðafólk sem heimsækir Djúpavog. Hugmyndin er sérstaklega hönnuð fyrir farþega skemmtiferðaskipa sem heimsækja marga staði sem oft eru afar ólíkir þeirra heimkynnum og því ýmislegt sem kemur á óvart og/eða þarf að hafa í huga til að sýna virðingu við staðinn sem heimsóttur er. Íbúar tóku þátt í kröftugum og uppbyggilegum umræðum þar sem heilmargt var rætt og ýmislegt sem gestir Djúpavogs munu nú koma til með að geta kynnt sér áður en á hólminn er komið. Leiðarvísirinn verður tilbúinn í sumar fyrir gesti Djúpavogs og er vonin að leiðbeiningar sem þessar aðstoði gesti og heimamenn að eiga ánægjuríka og góða samveru og samleið.



NÁMSFERÐ TIL BRIGHTON

Leikskólinn Bjarkatún fór í námsferð til Brighton 20. - 23. apríl síðastliðinn.

Eftir tvö flug, tvær bílferðir og eina nótt á hóteli vorum við komin á Heathrow flugvöllinn í Bretlandi. Þaðan tókum við rútu til Brighton ásamt tveimur öðrum leikskólum sem voru líka í námsferð. Á fimmtudeginum vorum við mættar galvaskar í anddyri hótelsins kl.8:50 þar sem við fórum í rútu til Worthing í West Sussex og heimsóttum Reflection Nursery og Small School.

Reflection Nursery er með börnum frá 3 mánaða gömlum til 4 ára. Small School er með börn frá 4 til 8 ára gömlum og er leik-/grunnskóli með námskrá frá menntamálaráðuneyti Breta.



Fyrst fórum við á fyrirlestur með Martin Pace sem stofnaði skólana Reflection nursery, Small skólann og Forest skólann. Hann er í dag þekktur fyrirlesari um Reggio Emilia hugmyndafræðina og einnig sagði hann frá því hvernig hann stofnaði og vann í skólunum sínum. Hann talaði um að öll börn séu falleg, klár og áhugaverð og með því að hlusta á þau lærum við hvað það er sem þau hafa áhuga á og hvernig við eigum að vinna með þeim.

Martin Pace hefur líka gefið út bækur og gaf hann okkur eina sem hann gerði með börnunum í leikskólanum þar sem börnin segja söguna og mála myndirnar sem eru í bókinni. Bókin heitir Eld Skrímslið, saga fyrir börn eftir börn.

Eftir skemmtilegan fyrirlestur hjá Martin komu tveir kennarar sem eru að kenna í sitthvorum skólunum og sögðu okkur hvernig þeir ynnu og settu upp verkefni með börnunum. Aðaláhersla hjá skólunum er að það sé hlustað á börnin og að þau stjórni útkomu á hverju verkefni. Verkefnið fer því oft í allt aðra átt en kennarinn hafði hugsað sér.

Við lærðum líka um skrásetningu á verkefnum og hversu mikilvæg skráning er. Með því að skrá niður læra kennarar líka af verkefnavinnunni og skráning er skemmtilegt tæki til þess að sýna foreldrum ferlið sem búið er að fara í en ekki bara útkomuna.

Eftir hádegisverð var komið að okkur að vinna verkefni með skugga og ljós. Að sjálfsgöðum gerðum við sögu um Búlandstind sem við sögðum Martin að væri fallegasta fjall í heimi. Einnig komu fram í sögunni hreindýr og cittaslow snigillinn.

Við enduðum á að skoða skólana sem voru í gömlum fallegum byggingum og vorum við heillaðar á hvað allt var fallett en samt þannig að börnin nutu þess, og var efniviðnum leyft að vera út um allt. Við gengum um garðinn sem er skemmtilega uppsettur fyrir nemendurna. Klukkan var að verða sex þegar við komum aftur á hótelið þreyttar en ánægðar með góðan dag.

Næsta dag, föstudag, gengum við í Friends meeting house þar sem við fórum á Numicon námskeið hjá Kristínu Wallis sem er búin að vera kenna Numicon í fjölda ára bæði út í Bretlandi og hér heima á Íslandi. Við fengum fyrirlestur um hvernig við gætum nýtt Numicon bæði inni og úti og hugmyndafræðina á bak við kubbana. En þessir Numicon kubbar henta vel í stærðfræðikennslu barna frá leikskólaaldri og allt að unglingastigi. Við sáum líka verkefni sem börn hafa gert með kubbunum.

Síðan var verkefnavinna þar sem hver hópur átti að nota Numicon til þess að setja sögu á blað og segja svo söguna fyrir hópinn. Frá okkur voru tveir hópar annar hópinn gerði nútíma sögu af Rauðhettu og úlfinum og hinn gerði sanna sögu um garðinn okkar. Þetta námskeið var frá kl. 9 - 13 og vorum við því í fríi eftir hádegi. Sumar fóru að versla aðrar að skoða það sem Brighton hefur upp á að bjóða sem er nú ansi margt. Heimferðardagurinn var seinni part laugardags og gátum við nýtt fyrri part dagsins til að skoða bæinn. Við fórum við út á Brighton Pier sem er tívoli út á tré bryggju sem stendur langt út í sjó. Við skoðuðum líka húsið sem er á hvolfi og margt, margt fleira. Þetta var skemmtileg ferð þar sem við lærðum margt nýtt og hristum hópinn vel saman. Og svo var bara svo rosalega gaman að vera saman.

Brighton er bær á suður Englandi. Bærinn er lítill en mjög mikið um að vera þar. Hann er þekktur fyrir skemmtilegt mannlíf, Brighton Pier (tívolið út á bryggjunni), flóamarkaði, ströndina, sólsetrið og margt fleira. Brighton er bærinn sem Bretar fara til þegar þeir eru í fríi. Það var mjög skemmtilegt að koma í bæinn og flestar vorum við á því að reyna að koma þar við aftur með fjölskylduna okkar.

Guðrún Sigríður Sigurðardóttir, leikskólastjóri Bjarkatúns

Á HVAÐ ERTU AÐ HLUSTA HORFA LESA



Þórhildur Katrín Stefánsdóttir

Á hvað ertu að hlusta:

Ég hlusta mikið á bækur á storytel og tek hin ýmsu tímabil eða hlusta á nokkrar bækur í röð eftir sama höfundinn. Ævisögur verða þó oftast fyrir valinu og var ég að byrja á Konan í dalnum og Dæturnar sjö eftir Guðmund G. Hagalín. Ég hef bæði lesið hana og hlustað á hana margt og er hún í miklu uppáhaldi ásamt bókinni Fátækt fólk. Ég hlusta líka töluvert á hlaðvörp. Ég hlusta helst á þættina Á kaffistofunni, Í ljósi sögunnar og oft leita ég bara eftir umræðuefni enda fátt sem ekki hefur verið gerður hlaðvarpspáttur um.

Á hvað ertu að horfa:

Síðasta myndin sem ég horfði á var Wonder og horfði ég á hana með Kolbrúnu dóttur minni í tengslum við skólaverkefni sem hún er að vinna. Ég er að horfa á íslensku þættina Vitjanir á RÚV og hef vandræðalega gaman af fyrirsjáanlegum og auðvitað ófyrirsjáanlegum norrænum sakamálapáttum. Annars er sjónvarpsstöðin Alendis klárlega með mesta áhorfið á mínu heimili sem sýnir bara hestaþætti í tengslum við íslenska hestinn.




Hvað ertu að lesa:

Ég les allt of lítið af bókum og set mér oft markmið um að lesa meira. Storytel hefur ekki hjálpað í þeim efnum. Ég les þó eitthvað af hestabókum enda hefur engum dottið í hug að snara þeim yfir á storytel og er með bókina Tölum um hesta eftir Benedikt Línal og Sigríði Ævarsdóttur á náttborðinu. Stóðhestabókin er líka þaullesin á hverju ári.

Jón Einar Ágústsson

Ég les voðalega lítið, fyrir utan auðvitað Bóndavörðuna. En ég hlusta mikið á hlaðvörp og hlusta helst á Conan Needs a Friend þessa dagana. Af sjónvarpsefni þá er ég aðallega að horfa á Parks and Recreation og Office þessa stundina.



LANDSBYGGÐARDRAUMUR MEÐ U-BEYGJU TIL KÍNA



Okkar eina sanna Berglind Einarsdóttir fór í stórskemmtilegt viðtal við Austurgluggann á dögunum þar sem farið var um víðan völl og lítið yfir hennar fjölmörgu verkefni. Bóndavarðan fékk góðfúslegt leyfi til að birta viðtalið í heild sinni og þakkar Austurglugganum hlýjan hug og traust.

Berglind Einarsdóttir hefur í um tuttugu ár kennt innflytjendum íslensku. Hún hefur farið ýmsar leiðir, meðal annars kennt í kaffitímum í fiskvinnslufyrirtækjum. Hún rekur einnig ferðaþjónustufyrirtækið Adventura þar sem hún býður upp á gönguferðir með leiðsögn um Djúpavog og nágrenni. Austurglugginn heimsótti Berglind og ræddi við hana um tölvuleiki, söng og Kína.

Berglind er að mestu alin upp í Fellunum í Breiðholti en flutti að loknu stúdentsprófi austur í Breiðdal, ásamt manni sínum, Gauta Jóhannessyni. Hún segir að þar hafi landsbyggðardraumurinn kviknað hjá þeim. „Þetta var ævintýramennska því við nemtum ekki strax í meira nám og vildum prófa eitthvað nýtt. Það var alltaf verið að auglýsa eftir kennurum út á land og þá tíðkaðist að ráða sig í það strax eftir framhaldsskóla. Því hófum við okkar

búskap í Staðarborg í Breiðdal veturinn 1986-7. Þá var börnunum ekið frá Breiðdalsvík inn á Staðarborg. Okkur datt aldrei í hug að þetta yrði landsbyggðardraumur en hann kom þarna. Okkur leið mjög vel og hugsuðum með okkur að við ætluðum ekki að búa aftur í Reykjavík.“

Hún segir það hafa verið náttúran og mannlífið sem hafi heillað. „Það var hugsað um okkur. Allir höfðu áhyggjur af unga fólkinu inni í sveit. Þetta var ekki alveg þannig í Breiðholti.“

Eftir veturinn fóru Berglind og Gauti aftur suður, hann í Kennaraháskólann en hún lauk BA-prófi í íslensku ásamt söngkennararéttindum. Hún var reyndar ekki búin í því þegar Gauti hafði verið ráðinn skólastjóri í Gaulverjarbæjarhreppi. „Þar vorum við í sjö ár. Það var einstakur tími þar sem við náðum í skottið á bændasamfélaginu.“

Á þessum tíma var verið að sameina sveitarfélög og þau sáu fram á að skólinn yrði lagður niður þegar vinir þeirra að austan hvísluðu að þeim að skólastjóra vantaði á Djúpavog og á það stukku þau.

Önnur veröld í Kína

Þar hafa þau því búið í rúm 20 ár, með undantekningu veturinn 2006-7 þegar fjögurra manna fjölskyldan flutti til Kína. „Það var ævintýri hvern einasta dag, það eitt að fara út í búð. Þarna voru skjaldbökur og froskar í kippum, augu þeirra blikkuðu á mann ótt og títt. Ef þú baðst um kjúkling fékkstu hann með goggi og stéli. Að fara á veitingahús var næstum eins og að fara í gæludýraverslun. Þú valdir fiskinn beint úr fiskabúri.“

Við bjuggum í Dalian, í norðausturhluta Kína, ekki langt frá landamærunum að Norður-Kóreu. Við fórum í þorp sem heitir Dandong, þar skilur bara áin ríkin að. Við fórum í bát alveg upp að landamærunum og sáum heilmikið.

Grettir, sonur okkar, var þarna 15 ára og Auður, dóttir okkar, 10. Þarna voru mjög fáir Vesturlandabúar í sjö milljóna borg. Ég held það séu til myndir af Gretti og Auði í öðru hverju albúmi í borginni því það voru allir að taka myndir af þeim, jafnvel þótt þau væru ekki ljóshærð. Við kynntumst Þjóðverjum með lítið barn, tveggja ára stelpu með ljóst, krullað hár. Hún var ekki látin í friði því allir vildu myndir. Hún þurfti að vera með buff og derhúfu svo hárið sæist ekki. Við þurftum að halda á Auði

Fyrir misskilning þá fór Grettir ekki í alþjóðaskólann í grenndinni, eins og til stóð. Hann var fæddur svo seint á árinu að hann fór í heimavistar skóla þar sem hann deildi herbergi með átta öðrum. Þegar Auður fór í læknanám í Slóvakíu fengu allir félagar hennar menningarsjokk en henni fannst það ekkert mál, þetta væri ekkert í samanburði við Kína.

Þetta var sérstakt en ég hefði ekki viljað missa af þessu. Þetta opnaði augu manns fyrir svo mörgu, til dæmis tungumálakennslunni. Ég og kanadísk vinkona mín, sem ég kynntist þarna úti, fengum kennslu frá stúlku sem kom heim til okkar. Við gátum í kjölfarið svona bjargað okkur, að minnsta kosti úti í búð. Þegar ég kom heim aftur skildi ég betur hvað fólk sem ég var að kenna var að fara út í.“

Flytja til langframa

Fljótlega eftir að Berglind flutti upphaflega á Djúpavog byrjaði hún að kenna innflytjendum íslensku. Það vantaði manneskju í verkið og þá var leitað til íslenskukennarans í grunnskólanum. Hún segir kynslóðaskipti hafa orðið meðal nemendanna, svo virðist sem yngri fólk flytji frekar á svæðið.

„Þeir sem komu upp úr 2000 voru yfirleitt eldri, töluðu enga ensku og höfðu litla menntun. Þá var það krafa frá atvinnuveitendum að starfsfólkið lærði íslensku svo fólkið var ekki þarna til að læra fyrir sig. Fólkið sem kemur núna ætlar sér frekar að læra. Það var líka meiri gjá milli heimafólks og innflytjenda, fólkið vissi minna út í hvað það var að fara og við vissum minna um þau og löndin sem þau komu frá. Þessi gjá er enn að einhverju leyti til staðar en hún hefur minnkað.“

Hér á Djúpavogi er mest af Filippseyingum og Pólverjum. Mér finnst fólkið sem flytur hingað núna koma til að setjast að, það kaupir upp laust húsnæði, þótt það ætli sér ekki að vera hér til eilífrar. Þetta er misjafnt milli byggðarlaga á Austfjörðum, sums staðar er enn mikið af farandverkafólki sem kemur á vertíð í nokkra mánuði.“

Samfélagið og tungumálið

Innflytjendurnir hafa því afar mismunandi bakgrunn þegar kemur að íslenskunáminu, sem snýst ekki bara um að ná tókum á tungumálinu heldur öðlast skilning á samfélaginu.

„Evrópumál eru yfirleitt málfræðimál meðan Asíumál eru hljóðamál. Asíubúar geta því átt erfitt með að átta sig á uppbyggingunni, skilja ekki að orðin geti breyst eða verið af mismunandi kyni. Ég kveikti ekki á þessu fyrr en ég fór út til Kína. Þar getur sama orðið þýtt vatn, hver eða verið blótsyrði eftir hvernig það er sagt. Ég held að þar hafi tónfræðin hjálpað mér. Þau eiga því erfitt með málfræðina meðan Evrópubúarnir geta yfirleitt komið henni í einhverja ramma sem þeir þekkja.“

Síðan er það menningarmunurinn, til dæmis stéttskiptingin. Innflytjendur vita ekki hvernig þeir eiga að ávarpa yfirmenn sína eða kennara barna sinna. Það þarf að kenna þeim að við þérum ekki heldur notum bara fornöfn. Ég hef þá trú að við þurfum að kenna innflytjendum miklu meira á samfélagið um leið og við kennum tungumálið. Því fyrr sem þú kemst inn í samfélagið því fyrr lærirðu tungumálið og því fyrr kemstu inn í samfélagið.“



Auður og Berglind í Kína



Grettir, Berglind og Auður á Kinamúrnum



Dæmigert lokahóf tungumálanámskeiðs þar sem Filippseyingar eru í meirihluta. Oftar en ekki koma nemendur með einhvern rétt frá sínu heimalandi.

Íslenskukennslan þróast

Berglind starfar í dag sem verkefnastjóri hjá Austurbrú við að halda utan um íslenskukennslu og þróun hennar á svæðinu. Meðal þeirra verkefna sem eru á hennar borði er þróun tölvuleiks þar sem blandað er saman íslenskunámi og fræðslu um austfirskt samfélag.

„Hann er hugsaður þannig að hver byggðakjarni fái sitt borð. Þegar þú lærir tölurnar þá lærirðu líka hvernig þú notar þær, til dæmis til að kaupa í búðinni og um leið lærirðu hvaða búð er á hvaða stað. Orðaforði um líkamann og líðan er kenndur um leið og hvar heilsugæsluna er að finna eða í hvaða bæjarfélögum eru sýsluskrifstofur svo þú vitir hvert á að fara til að endurnýja vegabréfið svo eitthvað sé nefnt.“

Um 1100 erlendir ríkisborgarar búa nú á Austfjörðum, af þeim eru um 89 í íslenskunámi í vetur. Auðheyrir er á Berglind að hún hefði viljað hafa hlutfallið hærra. Á nokkrum stöðum eru ekki haldin námskeið því ekki næst tilskilinn lágmarksfjöldi sem eru tíu nemendur. „Við erum að kanna af hverju það er. Það er rætt um að tímasetningarnar séu vondar, en þær virðast litlu skipta, sérstaklega ekki ef fólk vinnur mikið eða er í vaktavinnu. Eftir 9-11 tíma vinnudag er engin orka eftir til að sitja á tveggja tíma íslenskunámskeiði.“

Hér hef ég farið inn í fiskvinnslufyrirtækið Búlandstind, mætt í kaffinu klukkan 15:30 alla daga. Þetta er í góðri samvinnu við fyrirtækið. Ef mikið er að gera, eins og oftast er, þá fæ ég bara þessar 30 mínútur og svo stundum tíu mínútur í viðbót. Ef vinnan þann daginn er búin er ég í tvo tíma á staðnum. Í vetur langaði mig að prófa hvort fólkið væri bara að læra af því ég kem á staðinn og ákvað því að mæta ekki upp í Búlandstind. Samt eru hér 37 í íslenskunámi.“

Önnur tilraun er að ráða erlenda íslenskukennara. Sá fyrsti er Aleksandra Rzeszowska á Fáskrúðsfirði og rætt var við í Austurglugganum fyrir tveimur vikum. „Sumir spyrja hvers vegna útlendingar séu að kenna íslensku en það að vera menntaður íslenskukennari gerir þig alls ekki sjálfkrafa að góðum kennara fyrir innflytjendur. Ég hef notað söngnámið, einkum leikræna tjáningu, fullt eins mikið og íslenskuprófið. Aleksandra nær til Pólverja sem kunna litla ensku, hóps sem gengið hefur illa að fá á námskeið. Það er alltaf áskorun fyrir kennarana okkar að detta ekki í að nota ensku til útskýringar en það finnst mörgum nemendum óþægilegt. Með þessu geta Pólverjar komið og fengið útskýringar á sínu tungumáli, hvort sem það er á málfræðinni eða samfélaginu. Þarna öðlast nemendurnir ákveðna grunnfærni sem þeir nýta á öðrum námskeiðum.“

Þúsundföldun á ferðum

Til viðbótar við önnur störf reka Berglind og Gauti saman ferðaskrifstofuna Adventura sem býður upp á gönguferðir með leiðsögn um Djúpavog og nágrenni. „Við stofnuðum fyrirtækið eiginlega óvart 2014. Við prófuðum að vera hér með gistingu en við sóttum líka um ferðaskrifstofuleyfi, það var alltaf verið að biðja Gauta um leiðsögn fyrir eina og eina ferð. Síðan vatt þetta upp á sig, sumarið 2019 vorum við með 59 ferðir og fannst það fint. Árið 2020 voru þær ekki nema 7 en síðasta sumar voru þær 474.“

Ástæðan fyrir þessari margföldun eru samningar við skemmtiferðaskip. „Það var hringt í mig frá umboðsaðila Viking-skipanna í janúar í fyrra og spurt hvort ég gæti verið með ferðir um staðinn sem væru innifaldar í tilboðinu til farþeganna. Þetta eru nokkuð stór skip sem áttu að koma hingað fyrst sumarið 2023. Síðan hringdi ferðaskrifstofan aftur í apríl og spurði út í eina ferðina, hvort ég gæti boðið upp á hana strax í sumar og bókaði 250 ferðir. Enn var hringt fjórum dögum síðar, þá hélt ég þau væru að afbóka, en þá var það til að bóka 224 ferðir í viðbót!“



Með hóp á vegum Adventura á Hálsunum ofan við Djúpavog. Mynd: Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir

Adventura er með fjórar ferðir í boði. Í fyrsta lagi fjögurra tíma göngu út á sandfjörurnar sunnan Djúpavogs, í öðru lagi fimm tíma ferð upp á Hálsa. Þriðja ferðin er titluð sem náttúruskoðun en sú fjórða og langvinsælasta er kölluð menningarferð þar sem gengið er um Djúpavog sjálfan og litið við á völdum stöðum. Endað er úti við Gleðivík, í gamla lýsistankinum, þar sem Berglind syngur fyrir gesti. Hún er ekki ein með ferðirnar, alls voru 22 manns, að meðaltali tíu hvern skipadag, í vinnu hjá Adventura síðasta sumar, allt heimafolk.

„Það er okkar aðalsmerki, enda köllum við okkur „Adventura Local Experiences.“ Í leiðsögumannabransanum er kennt að tala ekki um trú, stjórnmál eða sjálfan sig. Við hvöttum hins vegar okkar fólk til að tala um sig. Fólk finnst gaman að þetta sé húsið þitt eða gamla konan sem veifar þér úr glugganum sé amma þín. Síðan var gaman að kennararnir sem unnu hjá okkur komu til mín og sögðu að allir þeirra gestir vildu vita eitthvað um skólakerfið meðan Gauti sagði mér að hans fólk vildi fræðast um kvótakerfið. Leiðsögumennirnir fóru eiginlega óvart að tala um sitt sérsvið og það vakti áhuga.“

Að Hlauphólum

Berglind og Gauti byggðu sér fyrir rúmum tíu árum hús skammt fyrir innan Djúpavog í Hamarsfirði við litla vík sem þau féllu fyrir. Þar voru engir innviðir, ekki einu sinni vegur. „Okkur hafði alltaf dreymt um að vera aðeins út úr og þess vegna byggðum við þetta hús hér. Við eigum hér landskika en við Hlauphólavíkin varð fyrir valinu því Hlauphólarnir hér fyrir ofan skýla okkur fyrir norðanáttinni. Þeir skýla hins vegar ekki fyrir norðvestanáttinni, hér koma hviður upp á 70 m/s. Fyrstu dagana eftir að við fluttum hingað inn vögnuðum við alltaf við veðurfréttirnar þar sem sagt var að mesti vindhraði á landinu hefði verið í Hamarsfirði. En svo eru líka rosalegar stillur inn á milli.“

Við teiknuðum þetta og byggðum sjálf, smiðir gerðu skelina en Gauti og faðir hans, sem er húsasmíðameistari, smíðuðu allt hér inni. Við vorum að þessu í hrúninu, naglapakkinn hækkaði um 1500 kall yfir tímabilið og búðirnar sem við ætluðum að kaupa flísar og fleira efni í voru allt í einu ekki lengur til. Við fluttum svo inn 14. nóvember 2009.

Við sjáum ekki eftir að hafa flutt hingað, okkur líður einstaklega vel.“

GG

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA Í FYRIRTÆKINU?

Kassaverksmiðjan – Bewi Iceland

Okkur hefur gengið vel í uppsetningunni. Undanfarið hefur þó verið hlé þar sem að síðustu þremur mótunarávélunum hefur seinkað. Ég er samt að vona að þær leggi af stað frá Austurríki í þessari viku og verði hérna um miðjan maí. Það er búið að leggja bæði rafmagns, neysluvatns og sjólagfirir að verksmiðjunni og við erum að vinna í skipulagningu á sjóðælukerfinu.

Við reiknum með að upp úr miðjum júní verði hátt í þrjátíu manns við fínstillingar og gangsetningu á búnaðinum. Við vonum að við getum framleitt fyrstu kassana undir lok júní. Svo verðum við í alls kyns lokafrágangi í sumar.

Jón Þór Jónsson, verksmiðjustjóri



MENNINGARSTYRKIR MÚLAÞINGS

Seinni úthlutun menningarstyrkja Múlaþings fyrir árið 2022 verður auglýst í ágúst. Múlaþing veitir menningarstyrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar liststarfsemi eða verkefna sem tengjast svæðinu.

Verkefnastjóri menningarmála hvetur áhugasama til að hafa samband ef það koma upp spurningar eða ef óskað er eftir ráðgjöf. Hægt er að leita til verkefnastjóra hjá heiddisg@mulathing.is

HRÓSIÐ



Ásdís Ben

Mitt hrós fær starfsfólkið Við Voginn sem alltaf mætir mér brosandi þó klukkan sé fimm mínútur í lokun þegar ég man eftir að panta fisk og franskar. Aukahrós fá þau fyrir framfarir í íslensku og fyrir að tala við mig á íslensku þó ég ávarpi þau á ensku.

Ég skora á Inga Ragnarsson að gefa sitt hrós út í samfélagið í næsta tölublaði Bóndavörðunnar



Hafliði Sævarsson

Ég hrósa Múlaþingi fyrir að viðgerð á girðingunni sem á að friða Búlandsnesið allt er langt komin löngu áður en lausaganga kinda byrjar. Ég skora á Pálma í Gautavík að gefa sitt hrós út í samfélagið í næsta tölublaði Bóndavörðunnar.



Alexandra Karen Alexandersdóttir

Mig langar að hrósa samfélaginu á Djúpavogi fyrir það hvað mér finnst allir bjóða mann velkominn. Ég skora á Ragnhildi að gefa sitt hrós út í samfélagið í næsta tölublaði Bóndavörðunnar.

FRÁ FERÐAFÉLAGI DJÚPAVOGS

Við í Ferðafélagi Djúpavogs hlökkum til sumarsins. Búið er að setja saman ferðaáætlun og höfum við leitast við að hafa hana sem fjölbreyttasta þannig að fólk á öllum aldri ætti að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Um er að ræða stuttar og langar göngur, bílferðir af ýmsum lengdum og eina hjólaferð. Ferðaáætlun Ferðafélags Djúpavogs fyrir árið 2022 er í stuttu máli á þessa leið:

Suðurfjörutangi. 21. maí

Bílferð á Suðurfjörutanga við Hornafjörð. Fararstjóri Eiður Ragnarsson.

Langanes. 17. – 19. júní.

Langanes og nágrenni skoðað með viðkomu í Pistilfirði, Bakkafirði og Digranesi. Þanta þarf í þessa ferð. Fararstjóri Eiður Ragnarsson

Vinnuferð. 25. júní.

Vinnuferð í skála félagsins á Leirási í Múladal. Hressing í boði félagsins.

Lónsheiði. 10. júlí.

Hjólaferð yfir Lónsheiði. Ferðin hefst og endar við Starmýri í Álftafirði. Gamli þjóðvegurinn yfir Lónsheiði farinn og svo út fyrir Hvalnes og Þvottáskriður með stoppum á áhugaverðum stöðum á leiðinni. Heildarvegalengd um 40 km. Fararstjóri Kristján Ingimarsson.

Víðidalur. 22.-24. Júlí.

Þriggja daga gönguferð um Víðidal og Lónsöræfi. Lagt upp frá Múladal, gisti í Egilsseli fyrri nóttina og Múlaskála síðari nóttina og komið niður í Lón á þriðja degi. Þanta þarf í þessa ferð. Fararstjóri Ólafur Áki Ragnarsson.

Búlandstindur. 6. ágúst

Unglingaferð á Búlandstind. Göngutími: 3 – 4 klst. Mesta hæð: 1069m. Fararstjóri Ólafur Áki Ragnarsson.

Fjallabak. 26. – 28. ágúst.

Þriggja daga bílferð um Fjallabak. Fararstjóri Eiður Ragnarsson.

Helgargöngur

Í hverjum mánuði á tímabilinu janúar – maí og október – desember 2022 er farið í stuttar göngur, c.a. 2 – 3 klst samtals átta göngur. Við höfum kallað þetta fræðslugöngur þar sem við höfum leitast við að fá fræðslu sögur og annað skemmtilegt með leiðsögninni til þess að auka á upplifunina. Það sem af er ári erum við búin að fara að Æðarsteinsvita, Hamar og Miðgróf og Berunes.

Við hvetjum fólk til að gerast félagar í félaginu, þetta er skemmtilegur félagsskapur, það er gefin út árbók og svo fylgja ýmis fríðindi. Fylgjast má með starfsemi Ferðafélags Djúpavogs á Facebook síðu félagsins. Samvera, útivist, holl hreyfing og fræðsla er mannbætandi og hvetjum við sem flesta til að prófa að njóta þess. Að lokum vill Ferðafélag Djúpavogs þakka þeim sem hafa tekið þátt í starfseminni, farið í ferðir og sýnt okkur stuðning og við hlökkum til að takast á við verkefnið framundan.



RITLISTARSMIÐJAN Á DJÚPAVOGI

Skáldið og sviðshöfundurinn Viktoría Blöndal sótti Múlaþing heim í apríl og bauð bæði börnum og fullorðnum upp á ritlistarsmiðjur. Auk grunn- og menntaskóla var hún með opna smiðju í Sambúð fyrir fullorðna sem var sérlega vel heppnuð.

Krafturinn sem umlykur Austurland og maður finnur fyrir í hverju horni skólakerfis Múlaþings er magnaður. Að börn og unglingar fái skapandi smiðjur og menningarlegt uppeldi er mikilvægt fyrir þroska þeirra og heimssýn. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég heimsæki Múlaþing og það er augljóst að verið er að vinna mjög gott og uppbyggilegt starf hjá ykkur því það skín úr hverju andliti. Það er ekki sjálfgefið að börn og unglingar taki þátt og vinni skapandi vinnu óundirbúin og hafi sjálfstraust til að flæða bara í vinnu en börnin í Múlaþingi fá greinilega þá uppbyggingu og eflingu sem þau þurfa á að halda.

Að fá fullorðna til að stíga út úr þægindarammanum sínum og upp úr sófanum eftir vinnudaginn er stórt skref fyrir marga en Djúpavogsbúar létu það ekki á sig fá þó að mikið væri í gangi, árshátíð grunnskólans var nefnilega á sama tíma en þau sem mættu á skapandi skrif smiðju í húsi björgunarsveitarinnar mánudagskvöldið 4. og 5. apríl komu, sáu og sigruðu. Þvílíkar sögur, persónur og hæfileikar sem þar flæddu. Djúpivogur á augljóslega mikið af hæfileikafólki í sínum röðum og vona ég að þetta skref hafi verið byrjunin á einhverju stórkostlegu ævintýri sem við hin getum seinna lesið í skáldsögum.

Viktoría Blöndal

FRÁ ATVINNU- KYNNINGAR- OG MENNINGARSVIÐI MÚLAÞINGS

Á atvinnu- kynningar- og menningarsviði Múlaþings eru eftirtaldir starfsmenn:

Aðalheiður Borgþórsdóttir
Atvinnu- kynningar- og menningarstjóri Múlaþings

Heiðdís Hólm Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri menningarmála

Heiða Ingimarsdóttir
Verkefnastjóri upplýsinga- og kynningarmála

Við stefnum að því að halda fundi í öllum kjörnum Múlaþings fyrir sumarið.

Mikilvægt er að stilla saman strengi varðandi ferðaþjónustu og viðburði sumarsins. Við hvetjum fólk til þess að vera í sambandi hvort sem er í gegnum tölvupóstinn ferdamening@mulathing.is eða síma 4700700. Við svörum erindum eins skjótt og mögulegt er.

Með sumarkveðju
Alla, Heiðdís og Heiða



Hlathan

Opnum loksins

6.júní*

og opið fram á haustit

Bragðavöllum

Sumar 2022



*Opnunartími auglýstur þegar nær dregur

FRÁ FORMANNI HEIMASTJÓRNAR DJÚPAVOGS

Heimastjórnir, virka þær?

Já, ég held það.

Nú er þessu stutta kjörtímabili að ljúka og því við hæfi að skoða hvernig til hefur tekist. Við sameininguna var samþykkt bráðabirgðaákvæði til 8 ára þar sem látið verður á þetta reyna að halda heimastjórnir. Það var vissulega óheppilegt að við sætum þrír miðaldra karlar og starfsmaðurinn væri það líka. Nú stendur til hjá sveitarstjórn að fækka aðkomum heimastjórnar að deiliskipulagi til að einfalda og stytta ferla en gagnrýnt hefur verið að þar sem eingöngu einn fundur er í heimastjórn að jafnaði í mánuði geti það tafið ferlið.

Gauti Jóhannesson er eini fulltrúi gamla Djúpavogshrepps í fráfandi sveitarstjórn og ekki endilega víst að það verði fleiri fulltrúar í þeirri næstu. Það veldur áhyggjum að ekki sé meiri áhugi á að taka sæti ofarlega á lista hér. Djúpavogsbúi er í þriðja sæti á einum lista en fjórða eða neðar á hinum. Vissulega eiga fulltrúar í sveitarstjórn að hugsa um hagsmuni allra í sveitarfélaginu og bera raunveruleg skyldu til þess. En heimastjórnin verður líka að passa upp á hagsmuni Djúpavogs og þið íbúar þurfið að fylgja því eftir. Þó starfsmaður heimastjórnar sé skilgreint sem 40% starf á sá aðili að vera í fullu starfi á skrifstofunni og vinna önnur störf þar með svo íbúar geti auðveldlega nálgast hann því hann á að vera milliliður á milli íbúa og sveitarfélagsins. Að mínu mati voru mistök að reyna ekki að fá starfsmann af skrifstofunni í það starf áður en leitað var út fyrir hana. Þetta hálfa ár sem ég er búinn að vera formaður heimastjórnarinnar hefur verið lærdómsríkt og skemmtilegt en ég játa það fúslega að ég hefði getað staðið mig mikið betur. Ég hef verið að reyna að setja mig inn í mál og koma sem oftast á staðinn til að fá tilfinningu fyrir því sem um er rætt. Ég hef lært heilmikið um Djúpavog; ættfræði, skipulagsmál, laxeldi, söfn, sögufræg hús og margt fleira og held að ég sé hæfari til að fjalla um mál sem tengjast gamla Djúpavogshrepp nú en þegar ég byrjaði.

Ég er meira að segja farinn að telja Búlandstind eitt fallegasta fjall sveitarfélagsins og það er mikið sagt frá Borgfirðingi.

Af framkvæmdum á vegum HEF er það helst að fréttu að vonir standa til að prufudælingu á holunni, sem skaffað hefur vatni í körin, ljúki í maí (og það voru mistök að tengja ekki lögnina aftur þegar hún var tekin sundur í vetur). Vonandi verður fljótlega eftir það hægt að bora tilraunavinnsluholu. Fráveitulögnin og hreinsivirkni út á Langatanga er enn í skipulagsferli en er á fjárhagsáætlun á þessu ári. Hafnarframkvæmdir eru í gangi í Djúpavogshöfn og er gert ráð fyrir að stálþilið klárst í júlí en áætluð verklok eru haustið 2023.

Ég vil að lokum skora á fólk af öllum kynjum að bjóða fram krafta sína til setu í heimastjórn, það er spennandi og mikilvægt.

Þakka samstarfið og góða viðkynningu sem ég vona að styrkist á komandi árum.

Formaður heimastjórnar,

Helgi Hlynur Ásgrímsson

FRÁ BÓKASAFNINU

Um miðjan mars buðu bókasöfnin í Múlaþingi upp á klippimyndasmiðju. Þar sem bókasafnið okkar býr við þröngan húsakost þá fengum við lánaða eina kennslustofu í unglingadeildinni. Listamaðurinn Marc Alexander var leiðbeinandi og mætti með efnivið með sér. Smiðjan var öllum opin og nokkur nýttu sér tækifærið og gerðu skemmtilegar klippimyndir.

Þetta var einstaklega vel heppnað og vonandi fáum við hann Marc aftur í heimsókn.

Obba



Freyja



Helga Björk



Smiðjubóko

UPPSKRIFT BLAÐSINS

Greta Mjöll skoraði á Rán Freysdóttur að gefa upp leyndardómana á bakvið kartöflusalatið góða sem má finna á hlaðborði Við Voginn reglulega og allir elska.

Kartöflusalat - það besta og einfaldasta

500 gr. kartöflur
1 stk. laukur stór
2 geirar af hvítlauk
100 ml. grænmetissoð
1 msk. Dijon sinnep
50 ml. hvítvínssedik
30 ml. ólífulía
1 krukka af sólþurrkuðum tómötum
Handfylli af ólífum steinlausum - eða meira ef maður elskar þær
2 vorlaukar smátt skornir
1 box kirsuberjatómat skornir í tvennt
Klettsalat til að skreyta



Sjóðið kartöflur í saltvatni. Látið þær svo kólna aðeins.

Hitið upp 100 ml. af vatni og bætið grænmetistening (grænmetissoð) og geymið til hliðar. Hitið (ekki steikja) laukinn og hvítlaukinn, bætið við grænmetissoðinu, sinnepinu og hvítvínssedikinu í pott ásamt ólífulíunni, ná upp smá hita. Takið af hitanum. Síðan skal setja kartöflur smátt skornar í vökvann, bætið svo við ólífum, kirsuberjatómötum, sólþurrkuðum tómötum og vorlauknum (smátt skornum).

Allt blandað saman og sett í skál og skreytt með klettsalati.

Rán skorar á Halldóru Dröfn að gefa uppskriftina af bestu afmælistöðinni í næsta tölublað Bóndavörðunnar, þessari sem Freyja elskar svo mikið!

FRÁ UNGLINGUNUM Í FÉLAGSMIÐSTÖÐINN

Síðasta skólaár hefur verið frekar skrítið. Í september 2021 var Covid í fullum gangi og mjög strangar reglur um hvað mátti gera og hvað ekki. Þrátt fyrir það var ákveðið að á þessu skólaári skyldum við safna fyrir bekkjarferðalagi til útlanda. Söfnunin gekk vel. Við vorum með kökubasar, söfnuðum flöskum og seldum alls kyns vörur hús í hús. Við náðum að safna helling af pening til þess að komast út. Við erum að fara til Kaupmannahafnar þar sem við munum skella okkur í Tívoli og margt fleira. Félagsmiðstöðin okkar hefur stækkað mikið upp á síðkastið. Núna eru opin hús 2-3 í viku og fleiri starfsmenn hafa bæst við. Þetta er góð breyting sem auðveldar okkur að taka þátt í félagslífi. Þegar leið á veturinn fengum við loksins að fara á ball. Það var Halloween ball á Egilsstöðum og var bara fínt. Í mars var svo Samaust-ballið sem var geggjað ball! Nú er loksins komið að því að fara á SamFestinginn (Samfés-ballið) þar sem við förum á 4000 manna unglingaball á Ásvöllum í Hafnarfirði. Við munum síðan eyða allri helginni í að gera skemmtilega hluti með félagsmiðstöðinni. Svo förum við strax út til Köben þannig við erum mjög spennt fyrir framhaldinu!

Ljóð:

Covid hefur gert okkur lífið leitt.

Nú er lífið breytt.

Samfés ballið verður sveitt,

þetta ljóð er orðið þreytt.

Höfundar: Unglingar Djúpavogs.

AGAIN THE SUNSET Í TANKINUM



Upplifunarverkið Again the Sunset eftir Ingu Huld Hákonardóttur og Yann Leguay verður í Tankinum sunnudaginn 5. júní kl. 17:00. Verkið hefur verið sýnt víða í Evrópu og mun einnig vera á Listahátíð í Reykjavík um miðjan júní.

Again the Sunset er upplifun sem dansar á mörkum þess að vera tónleikar og gjörningur; andsetinn ástarsöngur sem ferðast um röddina og inn í líkamann, inn í hið hráa og frumstæða, líkt og vera sem tjáir sig án þess að eiga sér áskapað form.

Inga, sem er listrænn stjórnandi, segir að verkið sem mun birtast okkur á Djúpvoggi sé hrárra en það sem verður á Listahátíð. „Við erum með tvær útgáfur af verkinu, þessa smærri útgáfu og svo aðra lengri sem er hugsuð fyrir leikhúsrými þar sem við erum með ljósamann og stærri umgjörð. Við viljum

ekkert endilega ná til margra heldur er sérstök nánd og tengsl sem skapast þegar við sýnum fyrir færri áhorfendur og í smærri samfélögum. Það er persónulegri upplifun fyrir okkur og gott að geta náð samtali við áhorfendur.“

Hún segir að rýmið hafi ýmislegt að segja um hvernig er að sýna verkið: „Við höfum sýnt þetta víða, það er alltaf spennandi að ferðast með verkið hvort sem það er í leikhúsum, á stærri hátíðum eða í smærri, óhefðbundnum rýmum. Að ferðast með þetta sama verk og finna það í nýju samhengi, bæði í samtali við rýmið og nýja áhorfendur er mjög dýrmætt.“

Tvær mannverur birtast okkur. Þær vinna til þess að halda áfram og halda áfram til þess að vinna, þær færa það sem þarf að færa og syngja það sem þarf að syngja um svikula steina, vafasöm ský og vonlausar sögur af ástinni. Orðin hnita hringi líkt og hugsanir sem sækja á þær; kraftar náttúrunnar mæta nálgun sem hverfist um hið skúlptúríska og hljóðræna.

Inga Huld Hákonardóttir er einn framsæknasti danshöfundur landsins og hefur unnið víða á hinni alþjóðlegu dans- og gjörningasenu. Yann Leguay er hljóðlistamaður sem reynir á þanþol listformsins og hefur tekið þátt í sýningum og hátíðum í ýmsum löndum. Í sýningunni sameinar þetta listafolk krafta sína til að skapa hljóð- og sjónræna hugsanaflækju.

Again The Sunset verður í Tankinum **sunnudaginn 5. júní kl. 17:00. Aðgangur ókeypis.**

Viðburðurinn er hluti af Listahátíð í Reykjavík og í samstarfi við Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs.

Again the Sunset er styrkt af Smyrilline og Nordik Culture Point.

Danshöfundur, Listrænn stjórnandi: Inga Huld Hákonardóttir

Hljóðmynd: Yann Leguay

Sviðsmynd: Inga Hákonardóttir, Yann Leguay

Ljós: Gregory Rivoux

Listræn ráðgjöf: Gaëtan Rusquet

Framleiðsla: Kunstenwerkplaz Pianofabriek og Kosmonaut Production

Ljósmyndir: Stanislav Dobak

Stilbít

Stilbít myndar plötulaga kristalla sem vaxa í horn til endanna. Þegar báðir endarnir mynda knippi líkt og á mynd hér til hliðar er það kallað slaufur á Austurlandi. Stilbít er oft mjólkurhvítt, glært eða hálfglært að lit, þó finnast lituð afbrigði sem geta þá verið rauðbrún eða grænleit. Stærðin getur verið allt frá 1 til 10 cm að lengd. Berufjörður er algengur fundarstaður Stilbít.



Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA HORFA LESA



William Óðinn Lefever

Ég hlusta mjög mikið á podcöst eða hlaðvörp og hefur það komið hálfpartinn í staðinn fyrir lesturinn sem ég gerði mikið af og er því ekki með neina bók á náttborðinu í augnablikinu. En þessa dagana er ég að hlusta á The Dollop en það er hlaðvarp sem fjallar um bandaríska sögu með kómísku ívafi. Ég hlusta líka á Conan O'Brien hlaðvarpið þar sem hann fær viðmælendur og blaðrar um allt og ekkert. Ég hlusta einnig mikið á sagnfræðihlaðvarp sem heitir Revolutions þar sem hinar ýmsu byltingar í mannkynssögunni eru raktar. Einnig er hlaðvarpið Throughline í uppáhaldi en það eru fréttaskýringarþættir frá fréttastofunni NPR.


Hvað sjónvarpsefni varðar horfði ég nýverið á Dopesick sem voru alveg frábærir þættir á Disney+. Ég hef sérlega gaman af sagnfræði og reyni að horfa heimildarmyndir af öllum toga.



Viktória Brá Óðinsdóttir

Hlaðvörpin sem ég hlusta aðallega á eru Morðcastið, Eigin konur, Karlmenntan og Helgaspjallið. Þættir sem ég er búin að vera horfa á nýlega eru t.d Formula 1, The Office, Dawson's Creek og alls konar heimildarmyndir og þættir.

VINNUSKÓLI MÚLAÞINGS SUMARIÐ 2022



Vinnuskólinn er opinn öllum íbúum sveitarfélagsins, fæddum 2006-2009 eða í 7. til 10. bekk og verður hann starfræktur frá 8. júní til 11. ágúst. Nemendur í 9. og 10. bekk geta fengið vinnu í 6 klst. á dag allan starfstíma Vinnuskólans. Nemendur í 8. bekk geta fengið vinnu í 3 klst. á dag í u.þ.b. 7 vikur og nemendur í 7. bekk 3 klst. á dag í u.þ.b. 6 vikur.

Helstu verkefni nemenda Vinnuskólans eru hreinsun og snyrting beða og göngustíga, gróðursetning garð- og skógarplantna, stígagerð, þöklagning, hreinsun gatna og lóða, að ógleymdum rakstri. Auk þess verður boðið upp á ýmis námskeið og aðra tilbreytingu.

Laun í Vinnuskólanum eru ákveðin út frá launaflokki 117 í kjarasamningi SAMFLOTS bæjarstarfsmannafélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Nemendur fæddir 2009 30% af lfl. 117 eða 733 kr./klst.

Nemendur fæddir 2005 45% af lfl. 117 eða 1.100 kr./klst.

Nemendur fæddir 2004 55% af lfl. 117 eða 1.345 kr./klst.

Nemendur fæddir 2003 65% af lfl. 117 eða 1.589 kr./klst.

Laun verða lögð inn á bankareikning sem verður að vera á kennitölu nemanda og verða útborgunardagar að öllum líkindum þessir: **30. júní, 29. júlí og 31. ágúst.**

Nemendur sem óska eftir vinnu í Vinnuskólanum verða að sækja um í gegnum Mínar síður á heimasíðu Múlaþings, sem hver sem er 18 ára og eldri getur fengið aðgang að. Foreldrar og/eða forráðamenn verða því að aðstoða nemendur við að skila inn umsóknum.

Umsóknarfrestur er til og með 8. maí 2022.

ÁRSHÁTÍÐ DJÚPAVOGSSKÓLA 2022

Árshátíð Djúpavogsskóla fór fram 4. og 5. apríl s.l. Eins og í fyrra þá setti Covid strík í reikninginn og við þurftum að fresta sýningunum, en á endanum náðum við að sýna Konung ljónanna fyrir fullu húsi, tvær sýningar.

Í þetta sinn þá skiptum við nemendum í tvo hópa, eldri og yngri. Eldri hópurinn, 5. - 10. bekkur, sýndi leikritið í fullri lengd en yngri hópurinn, 1. - 4. bekkur, sýndi sína útgáfu.

Ég þreystist ekki á því að vekja athygli á því hversu magnað verkefni þetta er og hversu ótrúlegt það er að hægt sé að framkvæma svona viðburð og sýna fyrir fullu húsi.

Svona verkefni verður ekki til nema að allt skólasamfélagið hjálpist að. Öll hlutverk eru jafn mikilvæg og hver og einn er hlekkur í keðju.

Í svona verkefni er hægt að haka við mörg hæfniviðmið. Þarna er verið að vinna með seiglu, hugrekki, virðingu, samvinnu og ótal aðra þætti.

Í ár vorum við svo heppin að hafa hana Andreu Katrínu til að stýra þessu verkefni. Andrea Katrín er leikkona að mennt og hefur kennt öllum nemendum Djúpavogsskóla leiklist í vetur og það skilaði sér vel á sviðinu hjá nemendum. Tónlistarskóli Djúpavogs kom líka að sýningunni í ár en Berglind Björgúlfsdóttir deildarstjóri tónlistarskólans sá um að skipuleggja æfingar og æfa sönginn. Samvinna Andreu og Berglindar var frábær og gaman að sjá hvert þær tóku þetta verkefni en báðar eru þær að koma að þessu í fyrsta sinn.

Eftir tvö ótrúlega krefjandi covid ár, sem hafa gert allt skólastarf miklu flóknara og endalausar takmarkanir á samkomum, var dásamlegt að sjá stóra salinn á Hótel Framtíð troðfullan af fólki sem var mætt í leikhús, og það var mikil stemning.

Á hverju ári upplifi ég hvað allt samfélagið styður vel við okkur í þessu verkefni og mig langar að þakka sérstaklega fyrir það.

Til hamingju Djúpavogsskóli með frábæra árshátíð 2022.

Obba, skólastjóri Djúpavogsskóla



FRÉTTIR FRÁ NEISTA

Undanfarin tvö ár hafa verið lituð af Covid og samkomutakmörkunum. Þar eru börnin okkar og iðkendur Neista búnir að sýna mikla þrautseigju, seiglu, umburðarlyndi og skilning þar sem íþróttastarf hefur oft þurft að víkja vegna covid. En núna sjáum við fram á bjartari tíma og hlökkum mikið til þess að fylgjast með iðkendum okkar bæði á æfingum og íþróttamótum í ár.

Í mars sá Neisti fyrir langþráðum sundæfingabúðum sem voru búnar að frestast nokkuð oft vegna ástandsins í samfélaginu. En við fengum hann Snæ Jóhannsson austur þriðju helgina í mars og var hann með æfingabúðir fyrir 1. - 10. bekk. Sundæfingabúðirnar hittu algjörlega í mark hjá þátttakendum. Hann var með skemmtilegar og gagnlegar æfingar fyrir krakkana og þakkar Neisti Snæ og þeim iðkendum sem mættu á sundæfingabúðirnar kærlega fyrir þátttökuna.

Þann 26. apríl fór fram Uppskeruhátíð Neista fyrir árið 2021. En þar fögnum við saman liðnu ári og árangri iðkenda. Boðið var upp á múffur og safa fyrir iðkendur og í lokin voru veittar viðurkenningar fyrir frábæran árangur í íþróttum.



Yngri hópurinn í sundæfingabúðum



Óðinn, Gabriela, Anna Margrét, Gísli Örn, Björgvin. Á myndina vantar Hlíf Bryndís

Mestu framfarir í sundi: Anna Margrét Alfreðsdóttir

Sund Neistinn: Gabriela Ósk

Mestu framfarir í frjálsum: Hlíf Bryndís Albertsdóttir

Frjálsíþrótt Neistinn: Óðinn Pálmason

Mestu framfarir í fótbolta: Anna Margrét Alfreðsdóttir

Fótbolta Neistinn: Björgvin Sigurjónsson

Íþróttamaður ársins 2021: Gísli Örn Alfreðsson

Áfram Neisti!

Fyrir hönd Neista,

Hera Líf Liljudóttir, framkvæmdastjóri Neista.


Seladónít

Á Íslandi er berg kalíum-snautt og eru leirsteindir nokkuð algengar á Íslandi svo sem smektít, seladónít og klórít. Þessar leirsteindir myndast allar við ummyndun basalts, en nóg er af því á Íslandi. Auðveldast er að greina seladónít, en það myndar oft græna eða blágræna skán innan á holum í basalti. Ef holurnar eru fylltar með holufyllingum er oft græn slikja af seladóníti milli holufyllingarinnar og bergsins.

Á myndinni má sjá hvernig Seladónít umlykur holufyllinguna.



TVEIR ATBURÐIR FRÁ FYRRI ÖLDUM



Fengið að láni úr bókinni *Undir Búlandstindi*, sem Eiríkur Sigurðsson tók saman. Gefin út árið 1970 bls. 20-24.

Í ræningjahöndum

Einn fagran júlímorgun 1627, þegar friðsæld náttúrunnar snertir dýpst mannleg hjörtu, var Austfirðingum ógnað af ræningjum og óaldarlýð. Þennan morgun sigldu tvö ræningjaskip frá Alsir inn á Berufjörð. Úti fyrir firðinum hittu þeir fjóra danska menn á báti úr kaupstaðnum Djúpavogi með fiskilínur sínar. Þessa menn tóku ræningjarnir höndum.

Um sólaruppkomu lögðust skipin við akkeri gegnt Berunesi og héldu ræningjarnir þegar á þrem bátum yfir fjörðinn að kaupstaðnum Djúpavogi. Þegar þangað kom, sneri einn báturinn að dönsku kaupskipi, sem lá á höfninni, en hinir tveir reru hljóðlega til lands.

Á danska skipinu voru allir skipverjar sofandi og komu engum vörnum við og voru miskunnarlaust færðir í hönd. Voru þeir svo fluttir út í annan bát ræningjanna.

Hinir ræningjarnir hröðuðu för sinni að verzlunarhúsunum. Þeir réðust svo til inngöngu með brugðnum bröndum. Fólkið var allt sofandi í rúmum sínum og vaknaði við vandan draum. Það var umsvifalaust tekið til fanga og flutt á tveimur bátum ásamt mönnum af kaupskipinu út í víkingaskipin. Alls handtóku ræningjarnir 15 manns á Djúpavogi og voru allir danskir, nema einn.

Eftir þetta afreksverk lögðu þrjátíu og fimm ræningjanna af stað inn í sveitina. Þeir urðu fengsælir á Búlandsnesi. Þangað var þá nýlega fluttur merkur bóndi, Guttormur Hallsson að nafni. Þeir handtóku hann ásamt öllu hans heimilisfólki. Þar á meðal voru sex umrenningar, en Búlandsnes var kristfjárförð, og bar því bóndanum skylda til að hýsa þetta fólk. Einnig handtóku þeir hjón, sem bjuggu í Búlandsneshjáleigu (Borgargerði). Þeir bundu hendur karlmannanna á bak aftur og sendu svo tvo menn að reka þennan hóp út á Djúpavog og geymdu fólkið þar í kaupskipinu um sinn. Guttormi Hallssyni auðnaðist ekki að sjá aftur ættbyggð sína, og er það raunasaga. Hann var síðar myrtur á leið til Íslands.

Til eru ýmsar gamlar sögur frá Tyrkjaráninu á Djúpavogi. Ein er sú, að Guttormur bóndi á Búlandsnesi hafi verið staddur úti í Hermannastekku við einhver störf, þegar ræningjana bar þar að. Hafi hann varizt þar með pál og reku fyrst, áður en þeir gátu tekið hann fastan. Hermannastekkarnir beri nafn af þessum atburði.

Þá er til skúti í klettabeltinu upp af Búlandsnesi, sem heitir Álfheiðarskúti. Talið er, að kona nokkur, Álfheiður að nafni, hafi komizt undan ræningjunum upp í þennan skúta og bjargað þannig lífi sínu. Ekki hefur þessi saga neina stoð í skráðum heimildum.

Frá Búlandsnesi héldu ræningjarnir inn með Hamarsfirði og komu brátt að prestssetrinu Hálsi. En þar var enginn heima, því að fólkið var allt í seli norður á Búlandsdal. Þá var prestur á Hálsi séra Jón Þorvarðsson, en kona hans hét Katrín Þorláksdóttir. Bæði voru þau öldruð og höfðu búið þar í 37 ár. Er þar skemmst frá að segja, að ræningjarnir fundu brátt selið og handtóku þar allt heimilisfólkið á Hálsi, nema smalan, og einnig þrjá menn úr Hálshjáleigu. En smalinn, Jón Ásgeirsson, tók til fótanna, er hann sá ræningjana og átti fótum sínum fjör að launa. Hann hljóp sem fætur toguðu inn með Berufirði. Alls handtóku ræningjarnir 11 manns í selinu. Héldu síðan í áttina á eftir smalanum inn með Berufirði með hið hertekna fólk.

Útlit er fyrir, að enginn prestur hafi verið í Berufirði þetta ár. En þar bjó Magnús Þórðarson, roskinn bóndi. Var hann við sjóróðra úti á Berufjarðarströnd ásamt tveimur sonum sínum og vinnumanni. En þegar ræningjarnir komu að Berufirði, gripu þeir í tómt. Allt heimilisfólk hafði flúið með smalanum frá Hálsi yfir Berufjarðarskarð upp í Breiðdal. Bjargaði hann ekki aðeins eigin lífi með fráleik sínum, heldur einnig öllu þessu folki.

Ræningjarnir skildu prestshjónin frá Hálsi eftir í Berufirði og gættu þeirra nokkrir menn. En þá, sem gangfráir voru, ráku þeir áfram út Berufjarðarströnd út að Berunesi. Verður nú skilizt við þennan hóp, og athugað hvað gerðist hinum megin fjarðarins.

Þó að ræningjarnir hefðu orðið fengsælir þennan dag, létu þeir ekki þar við sitja. Um kvöldið lagði fjölmennur flokkur upp frá Djúpavogi og inn með Hamarsfirði til að leita að fleiri bæjum þar.

Fyrir botni Hamarsfjarðar er bærinn Hamar. Þangað er alllöng bæjarleið frá Hálsi. Magnúsi bónda á Hamri hafði borizt vitneskja um ræningjana og handtökur fólks úti með firðinum. Sennilega hefur eitthvert fólk úr Hálsþinghá komizt undan inn að Hamri. Lét bóndi reka brott fráfernaðarnar og kom undan ýmsu því, sem hann átti verðmætt innan húss. Mun hann hafa flutt það innar í dalinn.

En svo leið dagurinn, að ekkert sást til ræningjanna. Taldi Magnús þá óhætt að vera í húsunum um nóttina, enda var kona hans veik og ekki ferðafær. Lét hann tvo af vinnumönnum sínum vaka um nóttina og hafa auga með mannaferðum og láta vita, ef nokkur hætta væri á ferðum. En svo slysalega vildi til, að vökumennirnir sofnuðu á verðinum undir morguninn.

En hættan var ekki langt undan. Um sólaruppkomu komu ræningjarnir að Hamri, þegar allir voru í svefni. Brutust þeir þegar inn í skálann, ógnuðu fólkinu með vopnum sínum og tóku það til fanga. Gáfu þeir því varla tíma til að klæða sig. Því næst bundu þeir alla karlmenn á höndum, ráku fólkið í bænahúsið, og lokuðu það þar inni.

Leituðu þeir svo um bæinn og fundu hina svikulu vökumenn. Þarna tóku þeir þrettán manns höndum og er svo að sjá, að enginn hafi komizt undan. Þó eru til þjóðsögur, sem hafa aðra sögu að segja.

Kona Magnúsar bónda var veikburða og gat ekki gengið með hinu fólkinu og drápu þeir hana. Hitt fólkið ráku þeir út ströndina að Hálsi. Þar rændu þeir messuklæðum og kaleik úr kirkjunni. Þá skemmdu þeir guðsorðabækur, hjuggu altarið í tvennt og köstuðu því fram að kirkjudyrum.

Þetta altari var síðar notað í Hálskirkju og bar glögg merki illvirkjanna.

Ræningjarnir munu hafa verið Múhameðstrúar og hötuðust við kristna menn. Þess vegna eyðilögðu þeir allt, sem þeir fundu og laut að kristnu helgihaldi.

Lengi á eftir var mikill ótti fólks við sjóræningja sem vonlegt var. En ekki verður hér rakin ránssaga þeirra á Berufjarðarströnd eða í Breiðdal, þar sem það er að mestu utan við ramma þessarar frásagnar.

Undir Búlandstindi, Eiríkur Sigurðsson 1970 bls. 20-24

Um bókina

Undir Búlandstindi, Austfirzkir sagnapættir sem Eiríkur Sigurðsson tók saman. Bókin var sjöunda bókin í bókaflóknum *Austurland* og fjallar um sögulegan fróðleik af Austurlandi. Efni bókarinnar er í þremur hlutum. Fyrsti hlutinn er um Djúpavog og Hálsþinghá, verslun og útgerð á Djúpavogi og helstu ráðamenn þar. Annar hlutinn er saga Hamarsdals. Þar eru ábúendapættir fjögurra jarða í dalnum og lýsing á honum. Þá er þar skýrt frá eyðibýlum og slysförum í dalnum og firðinum og að lokum eru nokkrar þjóðsögur úr Hamarsdal. Þriðji hlutinn eru þrír ævisögupættir merkra Austfirðinga. Í bókinni eru þættir um þrjá austfirska listamenn, þá Ríkarð Jónsson myndhöggvara, Inga T. Lárusson tónskáld og Helga Valtýsson rithöfund.

ÁRSHÁTÍÐ STARFSFÓLKIS MÚLAÞINGS

Árshátíð starfsfólks Múlaþings var haldin með pomp og prakt þann 2. apríl sl. Upphaflega átti árshátíðin að fara fram þann 6. nóvember 2021 en útaf dálitlu þá var henni frestað. Með hækkandi sól og bjartsýni að vopni mætti starfsfólk sveitarfélagsins þrúðbúið til veisluhalds. Árshátíðin var að þessu sinni haldin í íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum.

Árshátíðarnefnd Múlaþings sá um skipulagið en nefndin var skipuð starfsfólki úr hinum ýmsum stofnunum sveitarfélagsins úr öllum þéttbýliskjörnum. Hátíðin var glæsileg í alla staði og sáu Þórunn Lárusdóttir og Andrea Ösp Karlsdóttir um veislustjórn. Hljómsveitin Bjartar Sveiflur sáu um dansleik.

Kvöldið tókst með eindæmum vel, um 500 sæti voru fyllt þetta kvöld og sá Bautinn á Akureyri um veitingar.

Fjölbreytt skemmtiatriði voru m.a. í umsjá hæfileikaríks starfsfólks Múlaþings og skemmtu sér allir konunglega.

Árshátíðarnefndin vil koma á framfæri þökkum til allra sem komu að hátíðinni með einum eða öðrum hætti, og auðvitað sérstaklega þeim sem mættu og gerðu kvöldið ógleymanlegt.

Árshátíðarnefnd Múlaþings



Ertu búin að kynna þér heimasíðu Múlaþings?

4 700 700 | hafa.sattland

Múlaþing | Stjórnsýsla | Þjónusta | Mannlíf | **Mínar síður**

Kjarnasíðunum er ætlað að veita upplýsingar um fivem byggðakjarna, fréttir frá hverju sveði, tilkynningar, viðburði, ljósmyndir, fundargerðir heimastjórna og fleira.

BORGARFJÖRDUR | DJÚPIVOGUR | EGILSSTADIR | SEYDISFJÖRDUR

Gjaldskrár | Umsóknir | Reglur

Á heimasíðu Múlaþings, **mulathing.is**, er stefnt að hafa eins greinargóðar upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins og hægt er. Þar færðu t.d. upplýsingar um gjaldskrár, getur fundið umsóknir um þjónustu sveitarfélagsins og reglur sem um hana gildir.

Hvert fara reikningarnir mínir?
Hvert skráði ég bótskatt minn?

Múlaþing hefur frá byrjun lagt áherslu á að setja umsóknir til sveitarfélagsins inn á **mínar síður** og þannig gert íbúum kleift að sækja um þjónustu með rafrænum hætti og fylgjast með framvindu hennar. Einnig eru á Mínum síðum birtar ógreiddar kröfur og hreyfingar á greiddum kröfum og hægt að skoða álagningu fasteignagjalda (einnig hægt á island.is).

Ekki gleyma að það má alltaf hringja í síma 4-700-700 til að fá upplýsingar og aðstoð.

raframt form

4700700
mulathing.is
mulathing@mulathing.is

Múlaþing
— Sterkari saman